

Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra

Svæðisskráning

Orrí Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS072-98081
Reykjavík 1998

1.1 Um svæðisskráningu.....	7
1.2 Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu.....	11
2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu.....	15
3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra.....	33
Bæjarhólar og bæjarstæði.....	35
Útihús.....	39
Tún, garðar og akrar.....	40
Kvíar og stekkir.....	40
Beitarhús og sel.....	41
Engjar og áveitur.....	42
Myllur.....	42
Minjar um samkomur og þinghald.....	43
Kuml og kirkjugarðar.....	43
Samgönguminjar.....	44
4. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu.....	45

Tafla 1. Fjöldi minjastaða á skráningarsvæðinu eftir gömlum hreppum
7

Tafla 2. Fjöldi minjastaða á skráningarsvæðinu eftir núverandi sveitarfélögum
7

Tafla 3. Fjöldi býla á mismunandi tímum
33

Tafla 4. Tegund fornleifa á Fljótsdalshérað og í Borgarfirði eystra
34

Tafla 5. Hlutverk fornleifa á Fljótsdalshérað og í Borgarfirði 35

Tafla 6. Kotbýli og eyðijarðir á skráningarsvæðinu 37-39

1. Inngangur

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt í þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitafélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt.

Aðalskráning svarar til þess sem í Þjóðminjalögum er átt við með fornleifaskráningu en í reglugerð er útskýrt að fornleifaskráning felist í skráningu minja á vettvangi og er slík skráning lögboðin forsenda þess að hægt sé að samþykka aðalskipulag.

Samkvæmt 18. gr. Þjóðminjalaga er skylt “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt Þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í kafla 1.1 er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó rétt að minnast stuttlega á þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein Þjóðminjalaga er skilgreint hvað telst til fornleifa á Íslandi:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem eru vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búíð. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöskráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og

búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguriturum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrir en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

Svæðisskráning fornleifa á Héraði hófst árið 1996 með svæðisskráningu í Hjaltastaðapinghá og sama ár var hafist handa við aðalskráningu fornleifa þar. Sumarið 1997 var henni lokið og sama sumar var unnin svæðis- og aðalskráning fyrir Fellahrepp. Einnig voru skráðar fornleifar í landi Egilsstaðakaupstaðar árin 1996-1997. Svæðisskráning fyrir Norður-Hérað, Fljótsdalshrepp, Austur-Hérað (aðra hreppa en Hjaltastaðapinghá og Egilsstaðabæ) og Borgarfjörð eystra hófst snemma árs árið 1998 og var unnin með hléum á því ári og lýkur þeirri vinnu nú með 9 skýrslum. Margir hafa komið að þessari vinnu og þeir sem helst unnu við aðalskráninguna voru Birna Gunnarsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. Auk þeirra unnu Sædís Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson að svæðisskráningunni en þau gerðu einnig menningarminjaskýrslurnar.

1.1 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Tafla 1. Fjöldi minjastaða á skráningarsvæðinu eftir gömlum hreppum

		fjöldi	jarðir	fornl. á jörð
Tunguhreppur	689	25	27,6	
Jökuldals- og Hlíðarhr		965	47	20,5
Fellahreppur	566	20	28,3	
Fljótsdalshreppur		640	26	24,6
Hjaltastaðahreppur		761	29	26,2
Borgarfjarðahreppur	528	25	21,1	
Loðmundarfjarðahreppur		132	10	13,2
Eiðahreppur	693	23	30,1	
Vallahreppur	608	25	24,3	
Skriðdalshreppur		390	19	20,5
annað	106			
Samtals		6079	249	23,6

Tafla 2. Fjöldi minjastaða á skráningarsvæðinu eftir núverandi sveitarfélögum

		fjöldi	jarðir	fornl. á jörð
Norður-Hérað	1654	72	24,1	
Fellahreppur	566	20	28,3	
Fljótsdalshreppur		640	26	24,6
Austur-Hérað	2452	96	25,3	
Borgarfjörður eystri	660	35	17,2	

Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort yfir staði þar sem vitað er að búið hafi verið. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Að gagnaöflun lokinni liggur fyrir skrá um þekktar minjar á skipulagssvæðinu og er á grundvelli hennar gert gróft minjakort. Gerð er lýsing á menningarminjum svæðisins og reynt að draga fram sérkenni þess. Síðast eru gerðar tillögur um rannsóknir, hagnýtingu og kynningu minja á svæðinu en þann verkþátt þarf að vinna í samhengi við aðrar skipulagstillögur. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er, er einnig reynt að leggja mat á ástand minjastaða og skilgreina þá hættu sem þeir kunna að vera í og síðan gerðar tillögur um úrbætur. Þar sem minjastaðir eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem skipulagstillögur gera ráð fyrir, er gerð sérstök úttekt og tillögur um aðgerðir.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðinn fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipun og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skipulagssvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, landamerkjaskrár, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín er helsta og ítarlegasta

verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi. Handritin af jarðabókinni fyrir Múlasýslur og Skaftafellssýslur brunnu í Kaupmannahöfn 1728 og verður því að styðjast við miklu ófullkomnari jaraðbækur frá 1683, 1696 og Jarðatals Johnsens frá 1847. Þá má bæta við safnið *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* sem geymir mikinn fróðleik um jarðir á skráningarsvæðinu. Á grunni þessara heimilda má fá allgóða hugmynd um hvar byggð hefur verið á svæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við ýmiskonar jarðaskjöl og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstaði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað en það er þorri allra fornleifa. *Landamerkjaskjöl*. Allnokkrir landamerkjadómar og jarðasölubréf þar sem landamerki eru tilgreind hafa varðveist frá miðöldum og seinni öldum en skipuleg skráning landamerkja kom fyrst í kjölfar laga um landamerki frá 1882. Samkvæmt þeim átti að skrá landamerki allra jarða í landinu og geyma þau í landamerkjabókum hjá sýslumönnum. Í bróðurparti örnefnalýsinga á skráningarsvæðinu er að finna lýsingu á landamerkjum, oft endurrituðum úr gömlum landamerkjabréfum. Í landamerkjaskrá er oft að finna upplýsingar um gömul mannvirki sem voru á merkjum eða sem miðað er við í lýsingum. Þær eru þannig beinar heimildir um fornleifar en eru einnig, eins og jarðabækurnar, mikilvægar heimildir um skiptingu eignarhalds og þar með samhengis fornleifanna hvoru megin við merkin. *Túnakort*. Á árunum 1916-21 voru gerðir uppdráttir í mælikvarðanum 1:2000 af tünnum svotil allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðir voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð um 1918. Því miður sýna þau aðeins staðsetningar bæjarhóla og matjurtagarða en ekki útihús og nýtast þau því ekki eins vel og kort úr öðrum landslutum. Allgott samræmi er þó á kortunum úr Múlasýslum. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna á Íslandi hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við

skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins og er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru nær undantekningarlaust mjög ítarlegar og góðar. Nýjar skrár hafa verið unnar á grunni eldri lýsinga og til eru fjölmargar viðbætur og athugasemdir við þær skrár. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrár en sjaldgæft er að höfundar skráanna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum, og höfundar þeirra eru oft “of” staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verða illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrár heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjálaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í næsta kafla er gefið yfirlit um fornleifarannsóknir á skráningarsvæðinu og má af því fá nokkuð góða hugmynd um þær áherslur sem lagðar hafa verið við fornleifakönnun. Langmest var rannsakað af fornleifum í lok 19. aldar og hafa síðari rannsóknir að mestu leyti byggt á þeim athugunum. Áhugamál fornleifakönnuða 19. aldar snérust fyrst og fremst um fornsögur og sögu þjóðveldisins og eru því til allgóðar upplýsingar um fornminjar, sem hafa - með réttu eða röngu - verið taldar tengjast viðburðum sem lýst er í miðaldaritum. Fornleifskýrslur eru mjög misjafnlega nákvæmar, en um þær má hafa þá grófu reglu til viðmiðunar að þær verða ónákvæmari eftir því sem þær verða eldri.

Það má því segja að jarðabækur, landamerkjaskrár og skyldar heimildir gefi ramman utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrár og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er, að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

1.2 Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fyndust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Af skráningarsvæðinu bárust svör frá Sigfúsi Finnssyni á Hofteigi, Árna Þorsteinssyni í Kirkjubæ sem skrifaði nefndinni fjölda bréfa, Vigfúsi Ormssyni á Valþjófsstað, Þórði Gunnlaugssyni á Þingmúla og síðar á Desjamýri, Jóni Stefánssyni í Vallanesi, Birni Vigfússyni á Eiðum, Hjörleifi Þorsteinssyni á Hjaltastað og nokkru síðar, árið 1848, barst bréf frá Benedikt Þórarinssyni á Ási í Fellum. Sr. Sigfús sagði frá hofi því sem Hofteigur var nefndur eftir, fornmannahaugum Skjöldólfs, Hákons og Skeggja. Sr. Árni sagði frá mörgum merkjum kirkjugripum en einnig greindi hann frá Völvuleiði í kirkjugarðinum á Kirkjubæ, tveimur smiðjum, og fornmannahaugum Galta, Nefbjörns og Geirs og Þiðrandaleiði í Njarðvík en sr. Þórður Gunnlaugsson greindi einnig frá Þiðrandaleiði er hann sendi bréf frá Desjamýri. Sr. Vigfús greindi frá sögum um Bessahaug á Bessastöðum og Bessastein, Herjólfshaug, dómhringa á Bessastöðum, mannabeinaleifum sem blésu upp rétt utan túns á Valþjófsstað. Páll Melsteð ritaði sr. Jóni Stefánssyni í Vallanesi bréf um Rauðshaug sem hann taldi náttúrulegan hól og fylgir það bréf safni nefndarinnar. Sr. Björn Vigfússon greindi frá hringjum í túninu á Eiðum og meintum haug Helga Ásbjarnarsonar. Sr. Benedikt Þórðarson ritaði fornleifanefndinni og greindi frá krossinum í Njarðvíkurskriðum, hofi á Hofströnd, Álfaborg í Borgarfirði, fornmannahaugum Orms, Bessa og Rauðs og sögnum um bænhús á Meðalnesi og Ormarstöðum.¹ Af þessu yfirliti má sjá að haugar fornanna, hof og dómhringar voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti að nefna á þessum tíma, en smiðjur sr. Árna eru einu hversdagsminjarnar sem komust á blað hjá prestunum. Þessar áherslur voru að hluta dregnar af spurningum nefndarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum minnismarkjum um söguöldina, en þær lýsa líka almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu

¹ FF, 13-52, 640-647

öldina en áhugi jókst hinsvegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öldina. Þessi áhugi birtist t.d. í ritgerð Sigurðar Gunnarssonar prófests á Hallormsstað frá 1872 um örnefni á Austurlandi en í henni fjallar hann um örnefni sem koma fyrir í Íslendingasögum og ræðir staðsetningu þeirra og getur í því samhengi um fornleifar þó ekki hafi hann gert skipulegar vettvangskannanir.

Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf Íslendinga fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögunnar segðu frá raunverulegum atburðum var að athuga staða- og leiðalýsingar sagnanna. Í þessum tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögunnar í hnakkstöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Á skráningarsvæðinu kom hann fyrst að Jökulsá á Brú og sagði frá eyðibýlinu Krakastöðum og velti því fyrir sér hvort þar væri að finna Krakalækjarþing sem nefnt er í Þorsteins sögu hvíta. Síðan lýsti hann búðatóftum við Þinghöfða og sem nefndur er í Droplaugasonasögu. Kålund nefndi þá bæi sem greint er frá í fornsögunum, og segir frá minjum í Njarðvík svo sem Þiðrandapúfu en ekki er að sjá af textanum að hann hafi sjálfur skoðað þessa staði. Kålund lýsir Goðatóftum hjá Hofteigi og einnig hefur hann komið að Brú því hann lýsir kláfinum sem notaður var til að ferja fólk yfir Jökulsá. Hann kom einnig að Aðalbóli og skoðaði Hrafnkelsdal og leitaði meðal annars að Freyfaxhamri, Laugarhúsum, Grjótteigsseli og Einarsdys. Hann lýsir hinum fornu Bessagötum sem nefndar eru í Hrafnelssögu og segir frá steindys og grjóthring á milli Hrafnkelsstaða og Rana. Flestar lýsingar hans eru teknar eftir frásögnum annara og greinilegt er að hann hefur ekki heimsótt öll þessi svæði. Kålund lýsir svæðinu í kringum Hallormsstað en greinir ekki nákvæmlega frá þeim tóftum sem hann lýsir svo sem í Atlavík. Hann lýsir Kárahaug í landi Höfða og nefnir Goðatættur og Goðastein í landi Þingmúla. Kålund segir frá fjóstóft heima við bæin á Eiðum og þeim sögnum að menn hafi talið sjá þar við merki um jarðgöng Gríms.²

Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögnum

² KK IV, 8-40

og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngrípum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknarmaður félagsins fyrstu tíu árin. Hann fór í eina rannsóknarferð um Austfirði árið 1890. Hann kom fyrst í Skriðdal og lýsit Goðasteini og búðatóftum í túninu á Þingmúla. Þá lýsir hann einnig afarstórum hring í landi Arnhólsstaða sem hann taldi að gæti hafa verið dómhringur Þingmúlaþings en hann taldi að áin hefði breytt um farveg og hringurinn hefði því áður verið í landi Þingmúla. Í kjölfarið gróf Jón Ísleifsson á Þingmúla í hringinn og varð einskis var sem bent gæti til að um skepnugirðingu væri að ræða. Mun þetta vera fyrsti fornleifauppgröftur í vísindaskyni á Fljótsdalshéraði. Úr Skriðdal fór Sigurður og skoðaði tóftir í Mjóanesi, Atlavík og Geitagerði, og uppblásna steinþró innan við Bolungarvelli sem hann taldi vera leifar af kumli. Hjá Bessatöðum taldi hann sig finna Blóthús Bessa. Næst fór Sigurður í Hrafnkelsdal og fjallar nokkuð um staðfræði Hrafnkelssögu og segist hafa farið á flest þau bæjarstæði sem getið er í sögunni en lýsir ekki ummerkjum þar. Hinsvegar lýsir hann “Goðahúsi” ofan við Faxahamar og “útibúri Hrafnkels” ofan við bæinn á Aðalbóli og öðrum ummerkjum sem hann taldi forn þar heima við bæinn. Þá gróf hann upp kuml skammt utan við Aðalból og taldi að það væri haugur Hrafnkels. Þá lýsir hann nafnlausum fornbylistóftum við Hölná á Jökuldal austanverðum og afarstórri hoftóft utan við Hofteig. Sigurður fór einnig um Út-Hérað og lýsir tóftum í Krakagerði og þingbúðum Krakalækjarþings við Þinghöfða. Þar greinir hann einnig frá fjölda kolagrafa sem honum þótti benda til að þingstaðurinn hefði vaxið skógi eftir að hann lagðist af. Í túninu á Hrafnabjörgum taldi hann sig finna hoftóft og blóthring. Þá var honum sagt frá haugi Helga Droplaugarsonar hjá Eyvindará.³

Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnun fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram um 1910. Hann kom þó aldrei á Austfirði en Jón Jónsson læknir skrifaði hinsvegar greinar í Árbækur félagsins 1896 og 1897 um tóftir á Freysnesi og “kjallaragröf” sem kom í ljós við jarðrask á Skriðu í Fljótsdal. Um svipað leyti hóf danski kapteinninn Daniel Bruun rannsóknir sínar á Íslandi þar en hann vann ötullega að könnun fornleifa hér um og eftir aldamótin 1900. Árið 1901 fór hann í leiðangur um Austurland. Hann hóf ferð sína um skráningarsvæðið í Þingmúla í Skriðdal og skoðaði þar

³ Sigurður Vigfússon: ‘Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890.’ *Árbók* 1893, 28-60.

búðartóftir. Bruun kom að Bessastöðum og lýsti þar Bessahaug og einnig Goðaborg, þar sem talið er að hof Bessa hafi staðið. Þá teiknaði hann upp skálatóftir í landi Hamborgar. Hann lýsti einnig rústum á Skriðuklaustri og Bessasteini. Hann reið um Hrafnkelsdal og lýsti nokkuð nákvæmlega þeim tóftum sem hann skoðaði þar, svo sem á Þórisstöðum, Laugarhúsum og Sámsstöðum ásamt því sem hann merkti rústirnar inn á kort. Bruun kom að Brúenda hafði hann frétt að bóndinn þar hefði fundið messingsylgju og mannabein. Það reyndist vera kuml sem Brunn rannsakaði nákvæmlega. Hann lýsir þeim eyðibýlum sem honum var sagt frá, meðal annars Ytri- og Innri-Görðum, Orustustöðum og Steingrímsstöðum. Bruun kom einnig við í Fljótsdal og heyrði hann þar af kumlafundi á Sturluflöt við rætur Kiðafells. Bruun leitaði að búðartóftum við Kiðafell en fann engar en aflaði sér upplýsinga um sel og býli í Þorgerðarstaðadal.⁴

Eftir að Brynjúlfur og Bruun hættu rannsóknarferðum sínum lögðust könnunarferðir á vegum fornleifafélagsins alveg niður. Engar skipulegar rannsóknir voru gerðar á fornleifum í Múlasýslum um árabil eftir það. Að vísu birti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður á Árbók fornleifafélagsins 1924 fyrirlestur eftir Kristján Jónsson á Hrójóti um Lambanesþing sem hann taldi hafa verið þar sem heitir Lambatættur í landi Hrójótar.⁵ Á árunum í kringum 1930 friðlýsti Matthías fjölda staða um allt land og þar á meðal allmarga á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði og fór hann þar alfarið eftir skýrslum þeirra Kálunds, Sigurðar Vigfússonar og Daniels Bruun.⁶ Sumarið 1941 gróf Kristján Eldjárn út tóftir í Hvannalindum sem hann taldi vera hreysti útilegumanna, sennilega Fjalla-Eyvindar og var það einn fyrsti fornleifauppgröftur Kristjáns.⁷ Hann kom nokkrum sinnum á Hérað eftir þetta, einkum til að rannsaka kuml sem þar hafa fundist allmörg en engar aðrar rannsóknir gerði hann þar. Undir lok áttunda áratugarins hófu Sigurður Þórarinsson, Páll Pálsson á Aðalbóli og Sveinbjörn Rafnsson umfangsmikla rannsókn á rústum í Hrafnkelsdal og í Brúarárdölum. Þeir gerðu út alls fjóra leiðangra þangað og skoðuðu nálega allar mannvistarleifar á þessu svæði, gerðu uppdrætti og grófu prufuholur til að freista

⁴ Bruun, Daniel: 'Ved Vatna Jökulls Nordrand.' *Geografik tidskrift* 16 (1902). Íslensk þýðing: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 159-195.

⁵ Kristján Jónsson: 'Um Lambanesþing o.fl.' *Árbók* 1924, 34-41 sbr. *Óðinn* 1912.

⁶ *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1990.

⁷ *Lesbók Morgunblaðsins* 1941.

Þess að tímsetja minjarnar. Sveinbjörn gekk frá rannsókninn til útgáfu og voru helstu niðurstöður hans þær að á Brúardölum og í Hrafnkelsdal hefði verið blómleg byggð í árdögum Íslandsbyggðar en að hún hefði lagst af fyrir 12. öld, hafist aftur síðar en endanlega horfið undir lok 15. aldar.⁸ Sumarið 1996 stóð Minjasafn Austurlands fyrir fornleifakönnun á sjö minjastöðum á Fljótsdalshéraði og sá Steinunn Kristjánsdóttir um rannsóknina. Í kjölfarið gróf Steinunn upp tóft frá miðöldum á Geirsstöðum í Tungu sumarið 1997. Þá hafa bæði Steinunn og Guðrún Kristinsdóttir grafið upp nokkur kuml á skráningarsvæðinu á undanförunum árum.

Fornleifaskráning hófst á svæðinu í lok áttunda áratugsins með samstarfi þeirra Páls Pálssonar á Aðalbóli, Sigurðar Þórarinssonar og Sveinbjörns Rafnssonar og síðan hefur Páll unnið að skráningu fornleifa, einkum á Jökuldal. Síðan á níunda áratugnum hefur Helgi Hallgrímsson einnig skráð fjölda minjastaða á Fljótsdalshéraði. Aðalskráning fornleifa var síðan gerð í Hjaltastaðahreppi og Egilstaðabæ sumurin 1996 og 1997, og í Fellahreppi 1997.

2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu.

Til að fá yfirlit um byggðasögu skráningarsvæðisins verður hér fjallað um hvern hrepp fyrir sig. Elstu ritheimildir um byggð á Austfjörðum eru frá 13. öld. Þar er helst að nefna Droplaugarsona sögu og mun hún vera elst Íslendingasagna frá þessum svæðu, talin eldri en varðveittar gerðir Landnámabókar. Fljótsdæla saga er hinsvegar talin skrifuð mun síðar, eða á 15. eða 16. öld⁹ og er því ekki eins góð heimild um byggð á Héraði á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Aðrar fornsögur eru misjafnar að heimildagildi, t.d. er Hrafnkels saga Freysgoða talin að mestu skáldskapur, en aðrar, eins og Þorsteins saga hvíta, greina að nokkru leyti frá sögulegum atburðum. Elstu fornbréf eru frá 14. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun á svæðinu. Vísbendingar um byggðina fyrst eftir landnám eru annarsvegar kuml, sem hafa fundist óvenjumörg á skráningarsvæðinu, og hinsvegar dreifing kirkna og bænhúsa á miðöldum. Slík hús voru miklu víðar á miðöldum en eftir siðaskipti og er yfirleitt talið að þau hafi verið reist mjög

⁸ Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum. Brot úr byggðasögu Íslands*, Reykjavík 1990.

⁹ sbr. ÍBS II, 111

skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið verið hvern bæ, eins um kumlateigar í heiðini. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa við bænhús sé seinna til komnar eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Á þessum forsendum verður byggt í eftirfarandi yfirliti.

Hróarstunga. Hróarstunga liggur milli Jökulsár og Lagarfljóts og samkvæmt Landnámabók nam Þórður Þórólfsson öll Tungulönd milli þessara stórflyóta og Rangár, sem kemur nokkurnvegin heim og saman við hreppamörk.¹⁰ Þess er ekki getið hvar hann bjó. Fáir bæir í Tunguhreppi eru nefndir í fornsögunum, aðeins er minnst á Rangá í Droplaugarsona sögu en ekki er ljós hvort þar er um ána eða bæinn að ræða og einnig er minnst á Straum.¹¹ Krakalækjar er getið í Þorsteins sögu hvíta og telja margir að sá bær hafi verið í landi Vífilsstaða. Þar bjó Kraki sem var mjög auðugur. Þorsteins þáttur er sennilega ekki eldri en frá síðasta fjórðungi 13. aldar.¹² Hallfreðarstaðir eru nefndir í Hrafinkelssögu Freysgoða en þar bjó Hallfreður faðir Hrafnkels Freysgoða.¹³

Kirkjustaðurinn í Tungu er Kirkjubær en undir kirkjuna þar heyrðu einnig fjórtán jarðir í Jökuldals- og Hlíðarhreppi og Stóra-Steinsvað með hjáleigum í Hjaltastaðþinghá. Kirkju í Kirkjubæ er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200¹⁴ en sennilega hefur hún verið aðalkirkja Tungubænda frá því á 11. öld. Til er staðarafhending Kirkjubæjar frá um 1336¹⁵ en kirkjan er nefnd í máldaga Vallaneskirkju frá árinu 1270.¹⁶ Ekki er getið um jarðeignir Kirkjubæjarkirkju í afhendingunni frá 1336 en í ágripi af máldaga hennar frá 1367 kemur fram að kirkjan átti allt heimalandið, Húsey, Geirastaði, hólma vestan Jökulsár og hluta af Eyjasandi og Maríusandi.¹⁷ Máldaginn er til heill í afskrift frá 1397 og er þar

¹⁰ ÍF I, 294-295

¹¹ ÍF XI, 157, 168

¹² ÍF XI, 7

¹³ ÍF XI, 97

¹⁴ DI XII, 4

¹⁵ DI II, 708-709

¹⁶ DI II, 83

¹⁷ DI III, 232

einnig getið um Bóndastaði, hálfu Ketilsstað ytri og hálfu Galtastaði efri og virðast þessar jarðeignir hafa bæst við síðar. Í máldagnum kemur fram að kirkjan átti hálfan skóg á móti Hallfríðarstaðamönnum í Húsastaðaási, en sá ás er í landi straums og hafa verið þar beitarhús á seinni öldum, en máldaginn sýnir að nafnið er fornt.¹⁸

Á 14. öld er, auk þeirra bæja sem getið er í Kirkjubæjarskjölum, minnst á bæina Straum og Rangá en einnig er Galtastaðasandur nefndur í rekaskrá Skálholts frá 1270, og er það vísbending um byggð á Galtastöðum.¹⁹ Engar heimildir eru til um byggð í Tungu á 15. öld en frá 1506 er til sölubréf fyrir hálfri Bót.²⁰ Þá er til kaupbréf frá 1555 fyrir Hræreklæk.²¹ Árið 1558 var Litlibakki í byggð og er þá vísað til Geirsstaða í merkjalýsingu, en rústir þess eyðibýlis hafa nýlega verið kannaðar.²² 1570 eru tvennir Galtastaðir og Nefbjarnarstaðir nefndir í máldaga Kirkjubæjar, auk áðurnefndra kirkjujarða.²³ Í jarðabók frá árinu 1685 eru fyrst nefnd býlin Vífilsstaðir, Kleppjárnsstaðir, Brekka, Stóri Bakki og Litla-Steinvað.²⁴

Tvö kuml hafa fundist í landi Blöndugerðis, annað árið 1942 en hitt árið 1985. Upp úr aldamótum fundust bein á tveimur stöðum í landi Rangár. Einnig hefur fundist kuml í landi Straums og annað á Hallfreðarstöðum. Mannabein hafa komið upp í landi Gunnhildargerðis en þau hafa ekki verið rannsökuð og er ekki víst hvort um kuml er að ræða en þegar þjóðminjavörður var látin vita taldi hann líklegt að um kuml væri að ræða vegna fjarlægðar frá bæ. Gunnhildargerði og Blöndugerði hafa eftir því sem best er vitað aðeins verið í byggð síðan á 18. öld en ekkert útilokað að nýbýlin þar hafi verið reist á gömlum bæjarstæðum eftir byggð á 10. öld. Hugsast getur að Gunnhildargerði sé gamalt bæjarstæði Kirkjubæjar og mögulega standa kumlin við Blöndugerði í smabandi við umferð yfir Jökulsá hafi brú verið komin á ána svo snemma.

Fyrir utan sóknarkirkjuna í Kirkjubæ var aðeins vitað um eitt bænhus í Hróarstungu. Það er á Rangá og hefur þar fundist forn grafreitir. Ekki eru til heildstæðar heimildir um bænhus og útkirkjur í Kirkjubæjarsókn og verður að teljast líklegt að þau hafi verið fleiri í Tungunni og koma Hallfreðarstaðir og

¹⁸ DI IV, 219-220

¹⁹ DI II, 75

²⁰ DI VIII, 120

²¹ DI XIII, 22-23

²² DI XIII, 296

²³ DI XV, 678

²⁴ Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Register*, 312-313

Vífilsstaðir þar helst til greina ef gengið er út frá að dýrustu jarðirnar séu líklegastar til að hafa haft kirkjur.

Því verður að teljast líklegt að á landnámsöld hafi byggð hafist í Húsey og Bæ, á Hallfreðarstöðum, Vífilsstöðum, Straumi, Rangá, Bakka, Brekku og Galtastöðum báðum. Mjög snemma hefur Bakki klofnað í tvær jarðir, Litla Bakka og Stóra Bakka og byggð hefur einnig hafist snemma á Litla Steinsvaði og í Bót. Önnur býli í sveitinni hafa til að byrja með verið hjáleigur eða afbýli og eru Geirastaðir, Nefbjarnarstaðir, Kleppjárnsstaðir og Hrærekslækur allt gömul býli af því tagi. Sennilegt má telja að land Geirastaða og Nefbjarnarstaða hafi alltaf fylgt Kirkjubæ og má vera að fyrst að Nefbjarnarstaða er ekki getið fyrr en á 16. öld að þeir séu nýbýli frá þeirri öld. Önnur býli í sveitinni, Blöndugerði, Heiðarsel, Heykollsstaðir, Dögunargerði, Hallfreðarstaðahjáleiga, Fremrasel og Gunnhildargerði byggðust á 18. öld þó að vera megi að á sumum bæjarstæðunum hafi verið búið áður.

Jökulsárhlíð. Þorsteinn torfi nam Hlíð alla fram að Hvanná og bjó á Fossvöllum.²⁵ Í landi Fossvalla eru rústir fornbylis í Slútagerði og samkvæmt kolefnisgreiningu hefur byggð hafist þar um 900. Í Droplaugarsona sögu er minnst á Torfastaði,²⁶ en að öðru leyti þegja fornrit um byggð í Jökulsárhlíð. Bændur í Hlíð sóttu kirkju að Kirkjubæ í Tungu og er því ekki um að ræða neina miðstöð í Jökulsárhlíð sjálfri.

Sleðbrjótsmenn eru nefndir í máldaga Vallaneskirkju frá 1270²⁷ en ekki er vitað um byggð í Sleðbrjótsseli fyrr en árið 1646.²⁸ Torfastaða og Ketilsstaða er getið í máldaga Kirkjubæjar frá 1397 en líklegt er að jarðir þessar hafi einnig verið taldar í máldaganum sem aðeins er til í ágripi frá 1367.²⁹ Hallgilsstaða er getið í skjali frá 1551.³⁰ Ekki er vitað um byggð á Saurstöðum fyrr en árið 1672.³¹ Í jarðabók frá árinu 1685 eru auk fyrrnefndra jarða nefndar Fagrahlíð og Hrafnabjörg.³²

Fá kuml hafa fundist í Hlíðinni, aðeins er vitað um eitt kuml í landi Surtstaða árið 1945 en mannabein hafa fundist í landi Hrafnabjarga en ekki er víst

²⁵ ÍF I, 292

²⁶ ÍF XI, 157

²⁷ DI II, 83

²⁸ Jarðabréf, 270

²⁹ DI III, 232; DI IV, 219-220.

³⁰ DI XII, 314-315

³¹ Jarðabók, 271

³² Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Register*, 312

að þar sé um kuml að ræða. Heimildir greina frá þremur bænhúsum, á Torfastöðum, Sleðbrjóti og Hrafnabjörgum. Eins og getið var að ofan benda líkur til þess að bæir þar sem bænhús voru hafi byggst snemma, jafnvel fyrir 1000.

Þau átta lögbylí sem hér hafa verið talin, Ketilsstaðir, Torfastaðir, Fagrahlíð, Sleðbrjótur, Surtstaðir, Hallgeirsstaðir, Hrafnabjörg og Fossvellir stand með nokkuð jöfnu millibili undir fjallshlíðinni og voru öll meðalbýli eða stærri. Líklegt má því telja að þessir átta bæir hafi byggst þegar á 10. öld, en hjáleigur og afbýli ekki fyrr en löngu síðar. Sleðbrjótssel var komið í byggð á 17. öld en um önnur býli er ekki vitað fyrr en á þeirri 18.

Jökuldalur. Samkvæmt Landnámu voru nokkrir landnámsmenn Jökuldal. Hákon nam land vestan Jökulsár, ofan við Teigará og bjó á Hákonarstöðum. Teigurinn milli Teigarár og Hvannár var ónuminn og lögðu þeir það land til hofs, en þar var síðar kirkjustaðurinn Hofteigur. Skjöldólfur Vémundarson nam dalinn austan ár upp frá Knefilsdalsá og bjó á Skjöldólfsstöðum, sem að vísu eru vestan ár og hefur einhver ruglingur, sem væntanlega stafar af ókunnugleika, komist inn í frásögnina á þessum stað³³ Utan við Knefilsdalsá á Þorfinnur nokkur að hafa numið land að ráði Þórðar í Hróarstungu og bjó hann á Skeggjastöðum. Landnám hans hefur væntanlega náð út að merkjum við Stórabakka þó ekki séð það útskýrt í Landnámabók. Þá er einnig greint frá landnámi í Hrafnkelsdal í Landnámabók. Þar segir af Hrafnkatli Hrafnssyni sem nam Hrafnkelsdal og bjó að Steinröðarstöðum, en ekki er vitað hvar sá bær á að hafa verið.³⁴ Í Hrafnkels sögu Freysgoða segir hinsvegar að Hrafnkell Hallfreðarson hafi numið Jökuldal og búið á Aðalbóli. Ósamræmið milli þessara tveggja frásagna skýrðu þeir Sigurður Nordal og Jón Jóhannesson á þá leið að höfundur Hrafnkötlu hafi stuðst við Landnámabók en aukið og skáldað í eyðurnar þannig að lítið eða ekkert mark sé á sögunni takandi um það sem hana greinir á við Landnámabók.³⁵ Byggðasaga Jökuldals er allólík byggðasögu annarra sveita á skráningarsvæðinu því þar virðist hafa verið mun meiri byggð fyrst eftir landnám en síðar varð og á 19. öld varð fjölmenn byggð á Jökuldalsheiði, sem nú er öll komin í eyði.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um landnám í Hrafnkelsdal þó meira mark verði að taka á Landnámabók en Hrafnkels sögu. Í Brandakrossþætti segir að 20

³³ ÍF I, 294

³⁴ ÍF I, 299

³⁵ ÍF XI, XLIII, 97-99

býli hafi verið í dalnum en í Hrafnkötlu eru aðeins nefnd fjögur bæjarstæði, Aðalból, Hóll, Laugarhús og Leikskálar. Einnig voru nokkur sel í dalnum samkvæmt sögunni. Lengi hefur verið vitað um fjölda tófta í dalnum en þær höfðu lítið verið rannsakaðar fram til ársins 1978 er Sveinbjörn Rafnsson hóf rannsókn á tóftum í Hrafnkelsdal og Brúardölum. Helstu niðurstöður hans voru að á sextán stöðum í Hrafnkelsdal hafi verið búið en býlin þessi voru öll komin í eyði nokkru fyrir 1158. Þessir staðir eru Bakkastaðir, Skáli, í Mógilshálsi, Vaðbrekka, Þrándarstaðir, Þórisstaðir, Húsatóftir, undir Smjörtungufelli, innan við Faxahús, Tobbahóll, Aðalból, Laugarhús, Blesatangi, innan við Faxagil, Þuríðarstaðasel og Glúmstaðasel. Á 11 af þessum stöðum var byggt upp aftur síðar á miðöldum en þeir voru farnir í eyði aftur á síðari hluta 16. aldar. Að vísu má benda á að ekki er til nein aðferð til að greina milli bústaða og selja og því erfitt að fullyrða nokkuð um að föst búseta hafi verið á öllum þessum stöðum. Af Hrafnkötlu má ráða að byggð hafi einnig verið framan við Brú og og fann Sveinbjörn sex rústir á Brúardölum sem voru allar eldri en 1158. Þær eru á Orustustöðum, Steingrímsstöðum, Geithúsum, í Vesturdal, Hring og í Dyngju. Sveinbjörn taldi að eins og í Hrafnkelsdal hefðu flestir þessara staða byggst á ný á síðmiðöldum, nema á Geithúsum, en allir voru komnir í eyði seint á 16. öld.³⁶

Nokkrar jarðir á Jökuldal aðrar en landnámsjarðirnar eru nefndar í fornritum. Þorgríms bónda í Hjarðarhaga er getið í Droplaugarsonasögu og þar er einnig nefndur bærinn á Gili en þar fæddust Helgi og Grímur Droplaugarsynir. Í Þorsteins sögu hvíta er Skeggjastaða getið en þar fæddist Þorsteinn fagri. Aðalbóls er auðvitað getið í Hrafnkötlu en ekki eru allir sáttir um hvort bær sögunnar stóð á sama stað og sá bær sem nú ber það nafn.³⁷

Tveir kirkjustaðir voru í Jökuldalshreppi, á Hofteigi og Möðrudal og er beggja kirknanna getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.³⁸ Finns prests Hallssonar á Hoftegi er getið í Þorgilssögu og Hafliða þannig að þar hefur verið prestsetur að minnsta kosti frá því snemma á 12. öld en sennilega hefur verið kirkja á báðum stöðum frá því á 11. öld.³⁹ Kirkjan á Hofteigi átti allt heimalandið árið 1397 og þá áttu sjö býli sókn þangað. Sama ár á Möðrudalskirkja allt heimalandið

³⁶ Sveinbjörn Rafnsson: Byggðaleifar, 93-94

³⁷ ÍF XI, 6-7, 98, 168, 141

³⁸ DI XII, 3

³⁹ *Sturlunga saga*, 25

og um 1500 átti fólk af fjórum bæjum sókn þangað, frá Kjólssstöðum, Brú, Eiríksstöðum og Hákonarstöðum⁴⁰

Auk þeirra jarða sem getið er í fornsögunum er margra jarða á Jökuldal getið í fornbréfum. Árið 1455 er Arnórsstaða getið í máldaga Hofteigskirkju.⁴¹ Bjarni Marteinsson kaupir Eiríksstaði árið 1474.⁴² Brúar og Kjólssstaða er getið í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 og eru síðarnefndi bærinn sennilega það 8 hundraða kot sem fylgdi kirkjunni samkvæmt öðrum máldaga frá svipuðum tíma.⁴³ Valtýr Sigurðsson gaf Skriðuklaustri Hvanná árið 1514.⁴⁴ 1528 er Hnefilsdalur nefndur í testamentisbréfi Hrafns Brandssonar.⁴⁵ Árið 1564 eru Hauksstaðir nefndir í tíundarreikningum í Múlaþingi.⁴⁶ Af framantöldu er ljóst að öll hin fornu lögbýli í dalnum hafa verið í byggð á miðöldum.

Á miðöldum voru bænhús á Hvanná og Hákonarstöðum sem og á Eiríksstöðum en þar var síðar alkirkja er Brúarkirkja var flutt þangað. Á Brú var bænhús fram á 19. öld er þar var vígð alkirkja. Eins og áður hefur verið sagt er líklegt að snemma hafi hafist byggð á þeim jörðum þar sem kirkjur og bænhús voru. Kumlafundir eru nokkuð góð vísbending um byggð á viðkomandi jörðum fyrir árið 1000 og hafa alls fundist fimm kuml í dalnum. Kuml fannst í landi Gils þegar grafið var fyrir íbúðarhúsi þar og annað kuml fannst þegar grafið var fyrir súrheysgryfju. Við Reykjasel í landi Vaðbrekku hafa fundist tvö kuml en engar byggingaleifar eru þar í nánd. Þær gætu þó hafa horfið í ána. Vaðbrekka er ungt bæjarstaði en ef til vill hefur verið sel þar á landnámstíð. Meint kuml fannst í landi Brúar fyrir nokkrum árum og einnig fannst kuml í landi Hauksstaða nálægt mjög fornum bæjartóftum að Slútagerði. Í landi Hnefilsdals hafa fundist mannabein og halda menn að þar hafi verið heygðir fornmenn sem þar féllu en ekki er ljóst hvort þarna er um heiðin legstað að ræða. Á tveimur stöðum í landi Gauksstaða hafa fundist mannabein en ekkert bendir sérstaklega til þess að þar sé um kuml að ræða.

Af þessu má ætla að á 10.öld hafi byggð verið hafin á öllum lögbýlum í dalnum: á Hauksstöðum, Hvanná, Hofteigi, Hjarðarhaga, Skjöldólfsstöðum,

⁴⁰ DI IV, 213-214; DI VII, 198-99

⁴¹ DI XV, 679

⁴² DI V, 748-749

⁴³ DI VII, 19, 198-99.

⁴⁴ DI VIII, 515

⁴⁵ DI XII, 302

⁴⁶ DI XIV, 324

Arnórsstöðum, Hákonarstöðum, Eiríksstöðum, Brú, Möðrudal, Hnefilsdal, Skeggjastöðum og Gili. Þá hefur einnig verið byggð í Hrafnkelsdal og á Brúardölum þó ekki sé auðvelt að gera sér grein fyrir hversu mikil hún hefur verið. Þó að sumir staðanna gætu verið sel, þá vitna þeir engu að síður um blómlega byggð á Jökuldal fyrstu tvær aldirnar eftir að land byggðist. Byggðin dregst síðan saman á 12. öld en þenst út á nú á síðmiðöldum. Má vera að byggð á Kjólsstöðum á Fjalli sé frá þeim tíma. Þessi sel eða bæjarstæði eru síðan yfirgefin aftur fyrir lok 16. aldar. Á 18. öld hófst svo aftur byggð í Hrafnkelsdal, á Aðalbóli og Vaðbrekku og í Víðidal á Fjalli.

Borgarfjarðarhreppur. Á svæði því sem Borgarfjarðarhreppur nær yfir er getið fjögurra landnámsmanna. Þorkel fullspakur nam Njarðvík og bjó þar. Veturliði Arnbjarnarson nam Borgarfjörð allan en ekki er þess getið hvar hann bjó. Þórir lína nam Breiðuvík og bjó þar. Þorsteinn kleggi nam Húsavík og bjó þar og segir að sonur hans Án hafi einnig búið þar og komi Húsvíkingar frá honum.⁴⁷ Njarðvík er nefnd bæði í Droplaugasonasögu og Fljótsdæla sögu. Í Droplaugasonasögu segir af Katli Þiðrandasyni sem var goðorðsmaður og höfðingi og bjó í Njarðvík en í Fljótsdæla sögu segir af Þiðranda föður hans.⁴⁸ Nokkrar jarðir í Borgarfirði eru nefndar í fornsögnum. Bakka er getið í Droplaugasonasögu, þá bjó þar Sveinungur Þórisson vinur Helga Droplaugarsonar.⁴⁹ Í Fljótsdæla sögu er Snotruness getið og sama má segja um Geitavík, Höfn og Hvanstöð.⁵⁰

Þrjár kirkjustaðir voru í hreppnum, Njarðvík, Desjarmýri og í Húsavík. Kirkju í Njarðvík er getið í kirknatali frá því um 1200⁵¹ en eins og með aðrar sóknarkirkjur þá er ekki að efa að hún hafi verið byggð á 11. öld. Kirkjan í Njarðvík var bændakirkja og átti hvorki mikið af hlunnindum né jörðum, aðeins var tiltekið 1397 að hún ætti hólma á firðinum, torfskála, skipvist og hvalreka.⁵² Desjarmýrarkirkja er einnig nefnd í kirknaskrá Páls frá um 1200.⁵³ Árið 1354 áttu sókn til hennar allir bæir í Borgarfirði auk bæja í víkum suður að Breiðuvík. Desjarmýrarkirkja var staður og átti allt heimalandið sem var allur austurhluti

⁴⁷ ÍF I, 302

⁴⁸ ÍF XI, 141, 218

⁴⁹ ÍF XI, 151

⁵⁰ ÍF XI, 272,281,215

⁵¹ DI XII, 4

⁵² DI III, 232; DI IV, 222.

⁵³ DI XII, 4

Borgarfjarðar, frá Hofströnd og suður að mörkum við Húsavík.⁵⁴ Kirkjan í Húsavík er eins og hinar nefnd í kirknaskrá Páls biskups.⁵⁵ Árið 1367 átti hún hálf t heimalandið ásamt Dallandi⁵⁶ en árið 1397 höfðu Skálanes og Breiðavík bæst við eignir kirkjunnar.⁵⁷

Nokkurra jarða í hreppnum er getið í fornbréfum. 1354 eru Nes (þ.e. Snotrunes), Jökulsá, Hofströnd, Höfn og Breiðavík syðri (þ.e. Litla Breiðavík) nefndar í máldaga Desjarmýrarkirkju. Þar er raunar einnig getið um fjörugögn í Geitavík og Kjólsvík en ekki verður af því ráðið hvort þar hafi verið bæir þá.⁵⁸ Brúnavíkur og Kjólsvíkur er getið í máldaga Vallaneskirkju frá árinu 1367.⁵⁹ Árið 1397 er Gilsárvallar getið í máldaga Valþjófsstaðar og sama ár er Setberg nefnt í máldaga Desjarmýrarkirkju. Setberg virðist vera byggt úr landi Desjarmýrar og má vera að það sé nýbýli frá síðmiðöldum. 1397 er Dallands getið í máldaga Húsavíkurkirkju og gildir það sama þar, að býlið virðist byggt úr landi Húsavíkur og gæti verið nýbýli frá síðmiðöldum. 1397 er Hafnar getið í máldaga Vallaness.⁶⁰ Árið 1406 er nesið í Desjarmýrarsókn selt, það gæti verið sama og býlið Glettinganes er nefnt eftir og býlið gæti þá hafa verið til.⁶¹ Snotruness er getið í bréfi frá 1505,⁶² og 1516 er Bakki nefndur í sölubrési.⁶³ Hvals og Hólalands er fyrst getið 1685. Þá var einnig búið í Hvalsvík en sú jörð var komin í eyði árið 1847 en er nefnd í máldaga Vallaneskirkju frá árinu 1367.⁶⁴

Aðeins eitt kuml hefur fundist í Borgarfirði, í Njarðvík, en slíkur fundur er mjög góð vísbending um að jörðin hafi verið í byggð fyrir árið 1000. Heimildir greina frá tveimur bænhúsum, annað á Snotrunesi og hitt í Stóru-Breiðvík. Heimildir gefa því nokkuð glögga mynd af byggð í Borgarfirði á miðöldum. Strax á 9.-10. öld hefur byggð sennilega hafist í Njarðvík, Breiðvík og Húsavík og á nokkrum stöðum í Borgarfirði, á Snotrunesi, Bakka, Gilsárvelli, Desjarmýri, Hofströnd og Höfn. Geitavík, Jökulsá, Hvoll, Hólaland, Hvannstöð, Brúnavík, Glettinganes, Kjólsvík og Litla Breiðavík eru minni jarðir og er byggð sennilega

⁵⁴ DI III, 97-98, 232

⁵⁵ DI XII, 4

⁵⁶ DI III, 232

⁵⁷ DI IV, 223

⁵⁸ DI III, 97-98

⁵⁹ DI III, 238

⁶⁰ DI IV, 206-207, 210, 223

⁶¹ DI VIII, 120

⁶² DI VII, 805

⁶³ DI VIII, 115

⁶⁴ DI III, 238; Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Register*, 318

ívið yngri á þeim þó sennilegt megi telja að þær hafi byggst þegar á 10. öld. Aðrar jarðir eru sennilega mun yngri, Setberg og Dalland gætu verið nýbýli frá síðmiðöldum en Geitavíkurbjálleiga, Gilsárvallahjálleiga, Þrándarstaðir, Hólshús og Álftavík byggðust fyrst á 18. öld.

Loðmundarfjörður. Um landnám í Loðmundarfirði segir í Sturlubók Landnámabókar.

Loðmundr enn gamli hét maðr, en annarr Bjólfr, fóstbróðir hans; þeit fóru til Íslands af Vörs af Þulunesi. Loðmundr var rammaukinn mjök ok fjolkunnigr. Hann skaut fyrir bord öndvegissúlum sínum í hafi ok kvazk þar byggja skyldu, sem þær ræki á land. En þeir fóstbræðr tóku Austfjörðu, ok nam (Loðmundr) Loðmundarfjörð ok bjó þar þennan vetr.

Þá frétti Loðmundur af öndvegissúlum sínum fyrir sunnan land og bjó sig til ferðar þangað. Þegar hann var lagður af stað kom skriða og eyddi býli hans.⁶⁵ Fleiri sögum fer ekki af landnámi í Loðmundarfirði og ekki er minnst á jarðir þar í fornsögum. Kirkja á Klyppstað er talin í kirknatali Páls frá um 1200⁶⁶ og átti sú kirkja allt heimalandið samkvæmt máldaga frá 1367. Í þeim máldaga er einnig minnst á Stakkahlíð. Arnarstaði og Úlfsstaði.⁶⁷ Í máldaga Valþjófsstaðakirkju frá árinu 1397 er getið um reka við Hjálmárströnd, en um ána Hjálmá er getið í máldaga Klyppstaðarkirkju frá 1367. Hvorugt heimildin sannar búsetu á Hjálmárströnd en líkur eru þó á því að þar hafi verið búið á miðöldum.⁶⁸ Árið 1497 er Seljamýrar og Bárðarstaða getið í sölubréfi.⁶⁹ Um Sævarenda er ekki getið fyrr en 1696. 1670 er sagt frá eyðihjálleigu í landi Klyppstaðar og gæti það verið sami staður og seinna var kallaður Neshjálleiga en samfelld byggð þar hófst ekki fyrr en á 18. öld.

Fáar aðrar heimildir eru fyrir byggðapróun í Loðmundarfirði, engin kuml eða mannabein hafa fundist svo vitað sé og heimildir greina aðeins frá einu bænhúsi í Nesi. Að vísu segir í máldaga Klyppstaðakirkju frá 1367 að tvö bænhús séu í sókninni en í máldaga frá 1397 hefur þeim fækkað í eitt sem er sennilega bænhúsið á Nesi en ekki er ljóst hvar hitt bænhúsið var. Sennilegt er að Nes og

⁶⁵ ÍF I, 302, 304

⁶⁶ DI XII, 4

⁶⁷ DI III, 239-240

⁶⁸ DI IV, 211, 223

⁶⁹ DI VII, 369

Klyppstaður séu elstu jarðirnar í Loðmundarfirði, en Stakkahlíð, Úlfsstaðir og Bárðarstaðir hafa að líkindum einnig byggst á 10. öld. Óvissara er um Seljamýri, Arnarstaði, Sævarenda og Hjálmárströnd.

Fljótsdalur. Skipting lands á Fljótsdal milli landnámsmanna eins og hún er sett fram í varðveittum gerðum Landnámabókar er með alleinkennilegum hætti. Bræðurnir Ketill og Graut-Atli Þórissynir eiga að hafa komið út á undan Brynjólfi gamla og valið sér lönd meðfram Lagarfljóti þar sem landrými er minnst sitthvoru megin, Ketill vestan megin á Arnheiðarstöðum og Graut-Altí austanmegin, í Skógum. Brynjólfur á síðan að hafa komið út seinna og numið Fljótsdal fyrri framan þá bræður sem og Skriðdal allan og Velli utan við landnám Graut-Atla.⁷⁰ Össur slagkollur sem nam land um utanverð Fell er sagður hafa átt dóttur Brynjólfs og gæti það bent til að menn hafi talið hann yngri mann en Brynjólf og hugsanlega komið út seinna.

Í Droplaugarsonasögu eru Ketill og Atli látnir eiga bú saman í Skriðdal áður en þeir kaupa sér land beggja vegna Lagarfljóts. Það hafa því augljóslega verið fleiri en ein hefð um landnám í Fljótsdal en erfitt er að greiða úr flækjunni þar sem ótalmargt getur haft áhrif á hvernig sagnir af þessu tagi þróast og varðveitast. Einfaldast er kannski að ímynda sér að samkvæmt eldri hefð hafi Brynjólfur gamli verið aðal-landnámsmaðurinn í Fljótsdal öllum, Völlum og Skriðdal. Eiðapinghá er öll innan upprunalegs landnáms Una danska en ekki er getið um hver byggði þar eftir að Uni hraktist frá Austfjörðum.⁷¹ Mikill ættbogi var frá Brynjólfi kominn og eðlilegt að hann fengi rúmt landnám á við aðra höfuð-landnámsmenn. Engu minni menn áttu þó ættir að rekja til Ketils og Graut-Atla og hafa sagnir einnig verið um landnám þeirra í Fljótsdal og má vera að samning Droplaugarsonasögu um eða eftir miðja 13. öld hafi aukið vægi þeirra í landnámssögum og að landnámuhöfundar hafi því aukið hlutdeild þeirra frá því sem áður hafði verið talið.⁷²

Allmiklar heimildir eru um byggð í Fljótsdalshreppi á miðöldum. Rafnkelsstaða er getið í Hrafnkels sögu Freysgoða en Hrafnkell gerði sér bú þar eftir að hann var hrakin frá Aðalbóli og er jarðarinnar einnig getið í Droplaugarsonasögu, sem, eins og áður greindi, er sennilega eldri en varðveittar

⁷⁰ ÍF I, 296

⁷¹ ÍF XI, 137, 140; ÍF I, 299-300

⁷² Sjá Mjöll Snæsdóttir; Orri Vésteinsson, Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Fellahreppi*, 12.

gerðir Landnámabókar.⁷³ Í Hrafnkels sögu er einnig getið um Hrólfsstaða sem næsta bæjar norðan við Rafnkelsstaði.⁷⁴ Þar heitir nú Hrólfsgerði og hefur ekki verið búið þar á seinni öldum. Víðivalla nyrðri og syðri er einnig getið í Droplaugasonasögu.⁷⁵ Glúms á Glúmsstöðum er getið í Fljótsdæla sögu og segir þar frá því að skriða hafi hlaupið á bæinn og Þuríður kona hans síðan byggt bæinn upp á ný handan ár og heiti þar síðan Þuríðarstaðir.⁷⁶ Þorgerðar á Þorgerðarstöðum er getið bæði í Vopnfirðinga sögu og Fljótsdæla sögu.⁷⁷ Bessastaða og Arnheiðarstaða er beggja getið í Droplagarsona sögu og Fljótsdæla sögu - Arnheiðarstaðir urðu síðar kristfjárjörð.⁷⁸

Ein sóknarkirkja var í Fljótsdalshreppi á síðmiðöldum, á Valþjófsstað en einnig virðist hafa verið prestur á Bessastöðum um skeið á 12. og 13. öld.⁷⁹ Aðeins er þó getið um Valþjófsstað í kirknanskránni frá um 1200.⁸⁰ Einnig er getið um Odd Gissurarson prest á Valþjófsstað um 1143-1180 og um 1190 gefur Markús Gíslason Sigmundi Ormssyni kirkjuvið til byggingar kirkju á Valþjófsstað.⁸¹ Þessar heimildir sýna svo ekki verður um villst að Valþjófsstaður hefur snemma orðið miðstöð ekki aðeins Fljótsdals heldur alls Héraðs. Árið 1306 eignaðist kirkjan alla jörðina og varð staður.⁸² Árið 1397 átti kirkjan Þorgerðarstaði, fjórðung í Arnheiðarstöðum, land fram frá Þuríðarstöðum, skóga, reka, selland að Laugarhúsum og fjórðung í Keldudal.⁸³ Til er máldagi kirkjunnar á Bessastöðum frá 1203 en kirkjan þar varð útkirkja frá Valþjófsstað þangað til hún var lögð niður.⁸⁴ Bænhús var í Skriðu en klausturkirkja var byggð þar sennilega um 1500 og var rifin um 1800. Fyrir utan bænhús á Skriðu og kirkju á Bessastöðum voru a.m.k. þrjú bænhús í Fljótsdalshreppi, á Víðivöllum fram, Brekku og Glúmsstöðum og einnig var hálfkirkja á Víðivöllum ytri.

Lögbýla í Fljótsdalshreppi er víða getið í fornbréfum. Víðivalla fremri og Þorgerðarstaða er getið í máldaga Valþjófsstaðakirkju frá ársinu 1397.⁸⁵ Sama ár

⁷³ ÍF XI, 122, 149.

⁷⁴ ÍF XI, 127.

⁷⁵ ÍF XI, 142.

⁷⁶ ÍF XI, 215.

⁷⁷ ÍF XI, 36.

⁷⁸ ÍF I, 295-6; DI III, 240.

⁷⁹ DI I 342.

⁸⁰ DI XII, 4.

⁸¹ *Biskupasögur* I, 645.

⁸² IA, 340

⁸³ DI IV, 209-212

⁸⁴ DI, III, 639

⁸⁵ DI IV, 209

er Skriðu getið í máldaga Múlakirkju.⁸⁶ Til er vottunarbréf frá árinu 1492 þess efnis að Brekka eigi skóg í Hallormsstaðalandi.⁸⁷ Árið 1517 var Egilsstaða getið í bréfi.⁸⁸ 1549 var Glúmsstaða getið í kaupmálabréfi.⁸⁹ Árið 1552 er Arnhallsstaða getið í bréfi.⁹⁰

Tvö kuml hafa fundist í Fljótsdalshreppi. Í landi Sturluflatar fannst kuml árið 1901 og einnig fannst kuml í landi Valþjófsstaðar um aldamótin 1800. Sagnir eru um mannabein sem fundust undir Kiðafelli og hafa varðveist sagnir um bardaga og dysjar þar.

Af þeim heimildum sem hér hefur verið greint frá, má ráða að elstu býli í Fljótsdalshreppi séu Arnheiðarstaðir, Brekka, Bessastaðir, Skriða, Valþjófsstaður, Þuríðarstaðir, Glúmsstaðir, Arnhallsstaðir, Þorgerðarstaðir, Víðivellir innri og ytri og Hrafnkelsstaðir. Egilsstaðir og Kleif eru í landi því sem Valþjófsstaðakirkja átti framan við Þuríðarstaði og má vera að byggð á þessum stöðum hafi fylgt sama munstri og byggð á Hrafnkelsdal og Brúardölum, þ.e. að þar hafi byggð hafist snemma en lagst af aftur á hámiðöldum og þá væntanlega komist undir kirkjuna eins og Hrafnkelsdalur. Þórhallur Vilmundarson hefur fært sannfærandi rök fyrir því að örnefnið Sturluflöt sé afbökun úr *Stuðlaflöt og hefur þar þá fyrst verið stöðull, sennilega við sel, áður en varanleg byggð hófst. Kumlið sem þar hefur fundist bendir þó til að byggði gæti verið ævaforð eða að a.m.k. hafi menn snemma byrjað að hafa í seli á þessum stað. Örnefnið Langhús bendir ekki til að þau séu gamalt býli en þess er fyrst getið 1696. Önnur býli í hreppnum, hjáleigurnar Klúka, Víðivallagerði, Hóll, Bessastagerði, Melar, Hamborg, Brekkugerði, Brekkugerðishús, Geitagerði og Merki eru öll yngri, frá 18. og 19. öld.

Vallnahreppur. Landnámabók segir ekki frá landnámsbæ á Völlum eða Skógum en Droplaugarsona saga bætir því við að landnámsmaðurinn Graut-Atli hafi búið upp frá Hallormsstöðum, í Altavík, þar sem nú séu sauðhúsatóftir.⁹¹ Í Droplaugasonasögu er einnig getið um Vallanes, Höfða, Gunnlaugsstaði, Mjóanes og Oddsstaði upp frá Hafursá. Bulungavalla (síðar Skjögrastaðir) er getið í

⁸⁶ DI IV, 203

⁸⁷ DI IX, 43

⁸⁸ DI VIII, 628-629

⁸⁹ DI XI, 688

⁹⁰ DI XII, 379

⁹¹ ÍF XI, 140.

Þorsteinsþætti hvíta og Hrafnkelssögu Freysgoða.⁹² Oddsstaðir og Bulungavellir voru á seinni öldum hjáleigur frá Hallormsstað og virðist hafa verið byggð þar af og til.

Ketilsstaða er getið í bréfi frá 1367.⁹³ Eyjólfstaða er getið í máldaga frá árinu 1314.⁹⁴ Í máldaga kirkjunnar á Vallanesi frá um 1270 er getið um Hvamm og Víkingstaði⁹⁵ og í máldaga frá um 1367 er getið um býlið Sauðhaga.⁹⁶ 1397 er getið um Bulungavelli í máldaga Bessastaða,⁹⁷ og Strandar í máldaga Hallormsstaðar.⁹⁸ Egilsstaða er getið 1422 og var þá þingstaður.⁹⁹ Kollsstaða er getið 1494.¹⁰⁰ Hafursár er getið í bréfi frá 1554.¹⁰¹ Gíslastaða og Tunguhaga er ekki getið fyrr en 1696.¹⁰²

Tveir kirkjustaðir voru í Vallnahreppi, Vallanes og Hallormsstaður. Kirkjunnar á Völlum er getið í kirknaskrá frá 1200 en hefur þá sennilega lengi verið kirkjustaður.¹⁰³ Til er gamall máldagi frá árinu 1270 þar sem segir að kirkjan eigi allt heimalandið ásamt Víkingstöðum og Hvammslandi, kirkjan á þá einnig skógarteiga víða, meðal annars í Eyvindardal og reka víða. Þá átti kirkjan tíundir milli Gilsár og Eyvindarár og auk þess frá Vaði í Skriðdal.¹⁰⁴ Í máldaga frá 1367 hefur Sauðhagaland bæst við eignir kirkjunnar.¹⁰⁵ Hallormsstaður er einnig gamall kirkjustaður og er hans getið í Þorlákssögu biskups en þar var þá kirkjustaður sem biskupinn náði ekki undir sig árið 1179.¹⁰⁶ Kirkjunnar er einnig getið í kirknaskrá Páls frá um 1200.¹⁰⁷ Árið 1397 átti kirkjan allt heimalandið á samt Mýralandi og Geirólfsstöðum í Skriðdal ásamt ýmsum ítökum, skógarteigum, torfskurði og fleira.¹⁰⁸

Engin kuml hafa fundist í Vallnahreppi en bænhús voru á alls fimm jörðum í hreppnum, Mjóanesi, Tunguhaga, Höfða, Kollsstöðum og Egilsstöðum.

⁹² ÍF XI, 12, 126, 143, 145, 160.

⁹³ DI III, 232.

⁹⁴ DI II, 396.

⁹⁵ DI II, 83.

⁹⁶ DI III, 237-238.

⁹⁷ DI IV, 212.

⁹⁸ DI IV, 208.

⁹⁹ DI IV, 297.

¹⁰⁰ DI VII, 233.

¹⁰¹ DI XII, 711-712.

¹⁰² Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Register*, 316

¹⁰³ DI XII, 4.

¹⁰⁴ DI II, 83-84

¹⁰⁵ DI III, 237-238

¹⁰⁶ *Biskupasögur* I, 282

¹⁰⁷ DI XII, 4

¹⁰⁸ DI IV, 207-209

Einnig voru útkirkjur á þremur bæjum, Ketilsstöðum, Eyjólsstöðum sem vígð var 1314 og á Hafursá.

Af þessum heimildum má álykta að elstu býlin í Vallnahreppi séu Egilsstaðir, Kollsstaðir, Höfði, Ketilsstaðir, Eyjólsstaðir, Gíslastaðir, Tunguhagi, Vallanes, Strönd, Mjóanes, Hafursá og Hallormsstaður. Einnig hefur snemma verið byggð í Atlavík, á Gunnlaugsstöðum, Bulungavöllum og Oddsstöðum en hún hefur ekki náð að festast í sessi þó búið hafi verið á þessum stöðum af og til á seinni öldum. Hvammur, Sauðhagi og Víkingsstaðir eru allt gömul afbýli frá Vallanesi, og hafa verið í byggð frá því á 13. öld að minnsta kosti. Fjölmargar hjáleigur voru frá mörgum stórbýlanna á Völlum og gætu sumar þeirra verið gömul bæjarstæði, t.d. Útnyrðingsstaðir og Úlfsstaðir en Berg, Kollsstaðagerði, Kelduhólar, hallberuhús, Gíslastaðgerði, Arnkelsgerði, Grófargerði, Vallaneshjáleiga, Freyshólar og Skjögrastaðir eru flest nýbýli frá 18. og 19. öld eftir því sem best verður séð.

Skriðdalur. Í Droplaugasonasögu er getið um Geirólfseyri, sem er sama býli og Geirólfstaðir, og Mýrar í Skriðdal.¹⁰⁹ Hrafnkels saga segir einnig frá því að Hallfreður hafi gert bú í Geitdal en að seinna hafi fallið skriða á bæinn.¹¹⁰ Bæjar undir Þingmúla er ekki getið í fornritum en talað er um Múlaþing í Droplaugarsona sögu.¹¹¹

Vaðs er getið í máldaga Vallaneskirkju frá um 1270.¹¹² Í máldaga Múlakirkju frá árinu 1397 er getið um Sandfell hið næsta og efsta sem eru sömu býli og Litla- og Stóra-Sandfell. Í sama máldaga er getið um Hallbjarnarstaði og Flögu.¹¹³ Sama ár er Arnhallsstaða getið í máldaga Valþjófsstaðar og Geirólfstaða og Mýra í máldaga Hallormsstaðakirkju.¹¹⁴ 1541 samþykkir Gissur biskup kaup á Geitdal.¹¹⁵ Þorvaldsstaðir voru seldir árið 1547.¹¹⁶

Sóknarkirkja í Skriðdal var að Þingmúla og er hennar getið í kirknaskrá Páls frá um 1200.¹¹⁷ Kirkjan átti allt heimalandið árið 1397 ásamt Skriðu, Flögu,

¹⁰⁹ ÍF XI, 143, 149-150.

¹¹⁰ ÍF XI, 97, 98.

¹¹¹ ÍF XI, 156.

¹¹² DI II, 83

¹¹³ DI IV, 204

¹¹⁴ DI IV, 208, 212

¹¹⁵ DI XII, 89

¹¹⁶ DI XI, 539-540

¹¹⁷ DI XII, 4

Bakka og Hallbjarnarstöðum ásamt reka og hluta í Hvalsnesi.¹¹⁸ Þrír heiðnir legstaðir hafa fundist í hreppnum. Kuml fannst við eyðibýlið Mið-Sandfell og einnig í landi Eyrarteigs og hjá Vaði. Mannabein hafa einnig komið upp á fjórum stöðum, í landi Stóra-Sandfells, í landi Arnhallsstaða og Hallbjarnarstaða og í Geitdal. Vitað er um tvö bænhús í Skriðdalshreppi, á Stóra-Sandfelli og á Vaði.

Því má ætla að byggð hafi hafist fljótlega eftir landnám í Þingmúla, Sandfellsbæjunum, Vaði og Eyrarteig. Einnig má búast við að snemma hafi verið farið að búa Arnhallsstöðum, Hallbjarnarstöðum, Þorvaldsstöðum, Geirólfsstöðum en jafnvel aðeins síðar í Geitdal, Flögu og á Mýrum en sennilega hefur byggð verið á flestum lögbýlum hreppsins á 10. öld. Á 17. öld voru Haugar lögbýli og einnig Borg.¹¹⁹ Hryggstekkur, Víðilækur, Stefánsstaðir, Hátún og Hraungerði eru nýbýli frá 18. og 19. öld og var það síðastnefnda aðeins í byggð um skamma hríð.

Eiðahreppur. Eins og fram koma að ofan er Eiðahreppur innan landnáms Una danska en ekki á hann að hafa búið þar og ekki kemur fram hver á að hafa numið landið eftir að hann hraktist í burtu. Elsta heimild um byggð þar er Droplaugasonasaga en í henni er minnst á jarðirnar Eyvindará, Bakka (nú Fljótsbakki) Eiðar og Mýnes.¹²⁰ Eyvindarár er einnig getið í Vopnfirðinga sögu og Fljótsdælu, en í síðarnefndu sögunni er einnig getið um Ormstaði, Gilsárteig, Tókastaði, Finnsstaði og Uppsali.¹²¹ Þar eru einnig nefndir Snæholtsskógar sem kenndir eru við bæinn Snæholt.

Til er forn máldagi kirkju á Mýnesi og er hann í Íslensku fornbréfasafni tímasettur til 1179.¹²² Þó að svo nákvæm tímasetning sé vafasöm þá er ekki að efa að máldaginn er með þeim elstu sem varðveist hafa á Íslandi. Hleinargarðs er getið í máldaga Klyppstaðarkirkju frá árinu 1367.¹²³ Fljótsbakka er getið í sölubrési frá árinu 1477.¹²⁴ Hjartarstaðir voru seldir fyrir Mýnes 1546.¹²⁵ Ásgeirsstaða og Finnsstaða er getið í tíundarreikningum frá 1564.¹²⁶ Um Gröf, hjáleiga Eiða og Þuríðarstaði á Eyvindardal, selstaða eða afbýli frá Eiðum er getið í máldaga

¹¹⁸ DI IV, 203-204

¹¹⁹ Björn Lárússon: *The old Icelandic Land Register*, 316

¹²⁰ ÍF XI, 144, 168

¹²¹ ÍF XI, 218, 244.

¹²² DI I, 249.

¹²³ DI III, 239-240.

¹²⁴ DI VI, 119.

¹²⁵ DI XI, 471.

¹²⁶ DI XIV, 325.

Eiðakirkju frá um 1500¹²⁷ en Gröf er einnig nefnd í bréfi frá 1568.¹²⁸ Breiðavaðs er ekki getið með vissu fyrr en um 1570.¹²⁹

Sóknarkirkja í Eiðapinghá var á Eiðum. Hennar er getið í kirknatali Páls biskups frá því um 1200.¹³⁰ Árið 1367 átti kirkjan hálf heimalandið og hálf Hólsland í Hjaltastaðapinghá. Árið 1397 átti kirkjan einnig fjórðung í Ormsstöðum og áttu þá 16 bæir sókn til hennar og voru fjögur bænhús í sókninni.¹³¹ Útkirkjur voru í Mýnesi og á Eyvindará. Þrjú kuml hafa fundist í Eiðapinghá, í landi Ormsstaða, Gilsárteigs og Brennistaða. Brennistaðir eru sennilega ekki gamalt býli frekar en aðrar hjáleigur en þar gæti hafa verið búið stuttu eftir landnám þó byggð þar hafi fallið niður síðar. Einnig hafa komið upp mannabein, sem ekki er vitað hvort eru úr heiðinni tíð, í landi Mýness og hjá Miðhúsum.

Því má ætla að snemma hafi byggð hafist á Eiðum og Gilsárteigi og hugsanlega á stöðum í grennd við þessa bæi, eins og á Ormsstöðum og Brennistöðum, sem seinna urðu afbýli. Eyvindará og Mýnes eru einnig örugglega meðal elstu býla í sveitinni. Aðrar jarðir sem líkur eru til að byggst hafi á 10. öld eru Hjartarstaðir, Hleinargarður, Fljótsbakki, Ásgeirsstaðir, Breiðavað og Finnsstaðir. Þetta eru sennilega þær 10 jarðir sem í byggð voru um 1500 þegar byggð var með minnsta móti í Eiðakirkjusókn. 1397 höfðu 16 jarðir verið í byggð í sókninni og má geta þess til að þær sex sem farið hafa í eyði eftir pláguna síðari hafi verið Hamragerði, Snjóholt, Tókastaðir, Fossgærði, Uppsalir og Miðhús. Þar við bætast Gröf og Ormsstaðir sem ekki borguðu tíund og eru því ekki taldar með í sóknarbæjatalinu. Önnur býli eru yngri. Það eru Gilsárteigshjáleiga, Þrándarstaðir, Finnastaðasel og Dalshús.

Byggðapróun á seinni öldum

Hér að ofan hefur verið farið á handahlaupum yfir helstu heimildir, einkum miðaldaheimildir, um byggð á skráningarsvæðinu. Miklu munar um að jarðabók

¹²⁷ DI VII, 21.

¹²⁸ DI XV, 78.

¹²⁹ DI XV, 708.

¹³⁰ DI XII, 4.

¹³¹ DI III, 232; DI IV, 220-221.

Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir þetta svæði er glötuð og torveldar það mjög allan skilning á byggðapróun eftir siðaskipti. Full þörf væri á að gera nákvæmari rannsókn á sögu byggðar á svæðinu, einkum að athuga óprentuð gögn frá seinni öldum.

Með því að skoða þær tölur sem oft eru gefnar upp í máldögum kirkna um fjölda bæja í hverri sókn má fá nokkra hugmynd um þróun byggðarinnar. Þessar tölur eru teknar saman í meðfylgjandi töflu:

Tafla 3. Fjöldi býla á mismunandi tímum

	1397	um 1500	1570	1696	1847
Kirkjubæjarsókn		19		25	39
Hofteigssókn	9	6	8	10	15
Möðrudalssókn		5		4	5
Valþjófsstaðasókn	14	14		23	25
Hallormsstaðasókn	5	5	5	5	8
Þingmúlasókn		9		13	15
Vallanessókn		12		11	23
Ássókn		8	10	12	21
Eiðasókn	16	10		15	23
Hjaltastaðasókn		19		19	26
Njarðvíkursókn				1	1
Desjarmýrarsókn				18	20
Húsavíkursókn				2	4
Klyppsstaðasókn		6		8	9

Svo virðist sem byggð hafi verið með minnsta móti í kringum 1500, og hefur það mögulega verið afleiðing plágunnar síðari sem gekk yfir Austurland 1493. Jafnvægi virðist þó hafa verið náð á seinni hluta 16. aldar. Fjöldi jarða er allsstaðar ívið meiri í jarðabókunum frá lokum 17. aldar en í kirkjumáldögum miðalda. Skýring á því gæti verið að býlum hafi einfaldlega fjölgað lítillega á 17. öld og væri það í samræmi við þróunina í öðrum landshlutum þar sem fjöldi hjáleiga komst í skammvinna byggð á seinni hluta 17. aldar. Hinsvegar verður einnig að

reikna með að kirkjumáldagarnir geta ekki allra býla, heldur fyrst og fremst lögbýla sem voru í stöðugri byggð, og má því vera að sumar af minnstu jörðunum sem taldar eru í jarðabókunum frá lokum 17. aldar hafi verið í byggð á miðöldum einnig.

Miklu meiri munur er á fjölda jarða 1696 og 1847 og er þar greinilega um raunverulega fjölgun á býlum að ræða. Mestu munar um ýmisskonar hjáleigur sem margar komust í byggð á 18. öld, fóru aftur í eyði og byggðust á ný á fyrri hluta 19. aldar. Á 19. öld varð beinlínis spreniging í byggð á Austurlandi, og virðist býlum hafa fjölgað þar meira en í öðrum landshlutum. Fjöldi nýbýla reis á Jökuldalsheiði en einnig þéttist byggðin mjög á láglandi og nýjar jarðir urðu víða til þar sem áður höfðu verið beitarhús eða sel, og aðrar í tónum stórbýla.

3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Á Héraði hafa verið skráðar 6081 fornleifastaður. Þar með eru taldar minjar sem hafa verið skráðar á vettvangi í Fellahreppi, Hjaltastaðapinghá og við Egilsstaði. Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minjanna. Í fyrst lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina enn frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort að mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað er um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst að verulegu gagni eftir að farið hefur verið á vettvang.

Tafla 4. Tegund fornleifa á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði

Vísbendingar um fornleifar

heimild	2788
örnefni	680

Þekktar mannvistarleifar

áletranir	6
brunnar	11
bæjarstæði	528
dysjar, kuml og beinafundir	46
garðlög	285
götur og vegir	181
jarðfundir gripir	15
námur	25
standandi hús	10
tóftir	732
tún	1
vörður	237
þústir	91
öskuhaugur	3
önnur mannvirki	59
Aðrar fornleifar	
álagablettir og þjóðsögustaðir	170
sögustaðir	9
hellar	10
lindir og vatnsból	20

Meira gagn er af flokkun fornleifa eftir hlutverki þeirra. Hægt var að greina hlutverk á 5235 minjastöðum.

Tafla 5. Hlutverk fornleifa á Fljótsdalshérað og í Borgarfirði.

Búsetuminjar		hlöður	61
bústaðir	289	lambhús	39
býli	209	myllur	166
býli/beitarhús	34	skemmur	12
býli/sel	23	smiðjur	64
eldhús	5	traðir	9
göng	4	túngarðar	107
öskuhaugar	6	útihús (ótilgreind)	230
Minjar um jarðrækt		búnaðarminjar utan túns	
akrar	2	beitarhús	229
áveitur	121	beitarhús/sel	12
kálgarðar	43	fjárskýli	23
tún	4	heystæði	87
búnaðarminjar innan túns		kvíar	137
fjárhús	518	nátthagar	57
fjós	49	réttir	153
geitakofar	8	sel	96
hesthús	246	smalakofar	41
hjallar	9	stekkir	351
		varnargarðar	5

vörslugarðar	46	leiðir	368
jarðvinnslu- og eldsneytisminjar		náttstaðir	3
kolagrafir	85	samgöngubætur	23
mógrafir	130	sæluhús	18
mókofi	1	vöð	210
rauðablástur	5	Samkomuminjar	
torfristustaðir	55	aftökustaðir	3
Aðrar búsetuminjar		leikvellir	19
bað	1	manndómsraun	1
brunnar	41	þingstaðir	8
vatnsból	36	Kirkjur og legstaðir	
hlóðir	6	bænhús	30
þvottastaðir	30	kirkjur	26
sundlaugar	2	kirkjugarðar	2
Útgerðarminjar		aðrir legstaðir	89
lendingar	52	Þjóðsögustaðir	
naust	8	draugar	23
sjóbúðir	2	fjársgjóður	1
uppsátur	7	huldufólksbústaðir	44
verbúðir	11	nykur	1
veiðiminjar		skrímsli	12
refagildirur	22	tröllabústaðir	14
skotbyrgi	2	Aðrar minjar	
Samgönguminjar		eyktamörk	21
áfangastaðir	11	landamerki	188
brýr	20	útilegumannabústaðir	2
ferjustaðir	36	Hlutverk óþekkt	899
kláfferjur	17		

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er

enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætlanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eða ei, nema við vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt þar séu bæjarhólar minna að meira skemmdir. Á skráningarsvæðinu má gera ráð fyrir að flestir bæjarhólar séu raskaðir. Einna helst má ætla að heillegir bæjarhólar hafi varðveist í Loðmundarfirði og eyðijörðum Borgarfjarðar. Í örnefnalýsingum segir oft að núverandi bæjarstæði standi á öðrum stað en gamli bærinn en hvenær sá bær var byggður og hvort hann hefur raskað bæjarhólum verður ekki vitað fyrir en skráð er á vettvangi.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði. 295 slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu og er stór hluti þeirra sennilega óskemmdur.

nr. fornleifar	nafn býlis	í byggð	nr. fornleifar	nafn býlis	í byggð
NM-075:014	Hvammssel	18. og 19.	NM-085:005	Steingerði	ekki vitað
öld			NM-086:006	Gerði*	ekki vitað
NM-075:030		ekki vitað	NM-086:008	Húsastaðir*	ekki vitað
NM-076:005	Timbursel	f. 1847	NM-087:007	Helgustaðir*	ekki vitað
NM-077:002	Efribær	f. 1900	NM-088:013	Galtastaðasel*	í eyði 1707
NM-077:008	Geirsstaðir*	miðaldir	NM-088:014	Skárasel	ekki vitað
NM-077:009	Gildrugerði*	ekki vitað	NM-091:002	Hlíðarendi/Árnatættur*	
NM-078:003	Holtagerði	ekki vitað			stofnað 1835
NM-079:002	Strákastaðir	ekki vitað	NM-092:020	Goðrúnarstaðir	ekki vitað
NM-080:025	Bótarsel	í eyði 1707	NM-092:024	Ytrasel	ekki vitað
NM-080:026	Bótargerði	ekki vitað	NM-092:025	Merasel*	í eyði s.hl.
NM-080:027	Ásmundarsel	í eyði e 1707			17. aldar
NM-080:028	Melasel	í eyði 1707	NM-095:019	Þorsteinsgerði*	í ábúð 1726
NM-080:029	Reiðhöfðasel	í eyði 1707	NM-095:032	Fossgerði	ekki vitað
NM-080:030	Sauðahlíðarsel	í eyði 1876	NM-095:043	Fornustaðir	ekki vitað
NM-080:031	Svarthamrasel*	ekki vitað	NM-095:047	Garðshorn	í eyði 1794
NM-080:032	Hraungerði	ekki vitað	NM-095:048	Jónssel	í eyði 1794
NM-080:047	Bugsel	ekki vitað	NM-096:004		ekki vitað
NM-080:054		ekki vitað	NM-099:021	Barmasel*	ekki vitað
NM-081:009	Fagriflötur	í eyði 1707	NM-099:022	Rimasel*	ekki vitað
NM-082:007	Miðhús	ekki vitað	NM-100:006	Landsendi*	eyði 1746-52
NM-082:008	Rangársel*	ekki vitað	NM-100:017		ekki vitað
NM-083:002	Krakagerði	fornbýli	NM-100:018		miðja 18. öld
NM-083:004	Vífilsstaðasel*	í eyði 1703	NM-103:016	Gamlasel*	1816-1838
NM-083:005	Hlíðarendi	stofnað 1835	NM-103:017	Bakkar	ekki vitað
NM-084:021	Þorgeisklettur	ekki vitað	NM-103:024	Stebbagerði	ekki vitað

NM-103:031	Hjáleiga	í eyði s.h.19.	NM-130:025	Hóll	ekki vitað
NM-105:005	Hróaldsstaðir*	ekki vitað	NM-130:026	Leikskálar	ekki vitað
NM-107:017	Bæjargerði	ekki vitað	NM-131:003	Kjósstaðir	í eyði 1762
NM-107:026	Bakkastaðir	ekki vitað	NM-131:004	Kjalfell	ekki vitað
NM-110:011	Brennistaðir	ekki vitað	NM-131:012		ekki vitað
NM-111:014	Krakastaðir	í eyði 1752	NM-131:046	Núpakot	ekki vitað
NM-112:012	Járngerðarstaðir*	í eyði 1402	NM-131:047		ekki vitað
NM-112:013	Brennistaðir	eyði 1402	NM-131c:002	Netsel*	um 1780
NM-112:025	Jónskofi	ekki vitað	NM-132:002	Sótastaðir	1778-1786
NM-113:007	Slútargerði	ekki vitað	NM-136:014	Þverhólagerði	í eyði 1919
NM-113:014	Fossvallahjáleiga	í eyði 1707	NM-136:015	Bjarnagerði	
NM-114:004	Hrólfstaðir*	í eyði 1700		ekki vitað	
NM-115:011	Árnastaðir	í eyði á 19.öld	NM-137:013	Þorgerðarstaðir	ekki vitað
			NM-137:014	Valgerðarstaðir	ekki vitað
NM-115:012	Krumshóla	ekki vitað	NM-144:012	Svartranasel*	í eyði 1782
NM-116:032	Fjallssel	ekki vitað	NM-144:013	Miðhúsasel	á 12. öld
NM-116:033	Valdísarstaðir	ekki vitað	NM-147:021	Hlíðarhús*	í eyði 1785, b.1916-1928
NM-117:002	Garðar*	fornb.			
NM-117:003	Dísastaðir*	fornb.	NM-149:005	Ássel	í eyði 1707 b afturá 18.öld
NM-118:029	Hólmavatn	1861-2			
NM-118:030	Lindarsel	á 19. öld	NM-149:008	Sigurðargerði	ekki vitað
NM-119:021	Hlíðarendi	1850- 1860/1872	NM-154:006	Hrólfsgerði	fornb.
			NM-154:012	Háls*	ekki vitað
NM-120:004	Langagerði*	ekki vitað	NM-154:017	Brattagerði*	ekki vitað
NM-120:005	Heimasel*	ekki vitað	NM-154:039	Lokhilla	fornb.
NM-120:028		frá 1850-60	NM-155:012	Hlíðarhús	í eyði 1760, 1804
NM-120:044	Víðihólar	1847			
NM-121:003	Hneflasel	1848	NM-155:013	Urðarsel	17. öld
NM-121:004	Háls	1859-1863	NM-156:010	Pálssel*	ekki vitað
NM-121:043	Orustustaðir	fyrir 13. öld	NM-159:007	Víðivallasel*	1861
NM-121:044	Kolluhjalli	f. 1158	NM-160:016	Hamarssel*	
NM-122a:012	Kálfshóll	ekki vitað		ekki vitað	
NM-122a:018	Steingrimsstaðir	f. 1158	NM-164:009	Ófærusel*	ekki vitað
NM-122a:019	Brúargerði	ekki vitað	NM-165:011	Aurasel/Eyrarsel*	1804
NM-122b:001	Múlakot*	f. 14. öld, 17. öld	NM-167:009	Garðar	1804
			NM-167:010	Hvammur	til 1756
NM-122b:003	Ytri-Garðar	e.	NM-167:012	Gunnhildargerði	ekki vitað
1158			NM-167:013	Miðbær	í eyði 1760
NM-122b:007	Hóll	fyrir 1874	NM-167:014	Staðarsel	í eyði 1756
NM-122b:010	Hringstaðir	f. 1158, um 1500	NM-167b:003	Kiðjafell	fram um 1700
					f. hl. 19 aldar
NM-122b:011	Laugarvellir	1900-1906	NM-167c:006	Dýjasel*	
NM-122c:001	Í Hvannalindum	ekki vitað			
NM-122c:003	Dyngja	s.h. 15. aldar	NM-168:013	Einarsstaðir	ekki vitað
NM-123:002	Hvammsel	f. 1847	NM-169b:001	Þorskagerði	í eyði 1875
NM-124:006		ekki vitað	NM-169b:002	Eiríkhús	ekki vitað
NM-126:014	Blómsturvellir/Sel	í eyði 1707	NM-177:018	Geitahús	í eyði 1707
NM-126:015	Fornastaðir	í eyði 1707	NM-180:007	Hurðarbak	á 17. öld
NM-126:016	Eyrarsel	ekki vitað	NM-183:013	Goðrúnarstaðir	16. öld
NM-126:042	Réttarhvammur	ekki vitað	NM-184:007	Grafargerði	ekki vitað
NM-128:001	Brattagerði	í eyði 1875	NM-184:008	Töðuvallagerði	ekki vitað
NM-128:005	Í Mógilshálsi	f. 1158	NM-184:032	Hrúgustaðir	ekki vitað
NM-129:006	Bakkastaðir	f. 1158	NM-186:006	Hjalli/Stakihjalli	í eyði 1862
NM-129:009	Þrándarstaðir	f. 1158	NM-188:009	Dalahjáleiga*	á 17. öld
NM-129:016	Þórisstaðir*	f. 1158	NM-196:010	Hrafnkelsstaðir	ekki vitað
NM-129:022	Múli	ekki vitað	NM-198:005	Ingveldarstaðir	ekki vitað
NM-129:024	Skál	f. 1158	NM-198:006	Grænmór	16. öld
NM-130:006	Sámsstaðir	ekki vitað	NM-198:016	Miðbæjartótt	ekki vitað
NM-130:007		10-11. öld	NM-198:018	Hólshjáleiga II	ekki vitað
NM-130:008	Laugarhús	f. 1158, um 1500	NM-202:011	Engilækur býli	1861
			NM-203:010	Valhnúksstaðir	ekki vitað
NM-130:009	Tobbhóll	f. 1158, um 1500	NM-206:013	Selfell	í eyði á s. h. 19. aldar
NM-130:013	Blesatangi	f. 1158	NM-209:007	Króksbakki	í eyði 1936
NM-130:022	undir Smjörtungufelli	f. 1158	NM-209:011	Virkishús	ekki vitað
			NM-209:012	Króksbakki	í byggð 1918
NM-130:024	Steinröðarstaðir	fornb.	NM-209:025	Stekkur	í eyði 1883

NM-209:030	Borg	stofnað á 19.öld	SM-015:018	Glúmsstaðir*	ekki vitað
			SM-023:011	Kálfshóll*	1851-1863
NM-210:009	Efri-Hjáleiga	ekki vitað	SM-028:014	Höfðasel	1873, 1904-22
NM-210:010	Neðri-Hjáleiga	ekki vitað			
NM-211:002	Landsendi/Merki	fyrir 1920	SM-029:003	Oddagerði	í eyði 1753
NM-213:002	Bakkagerði	1760, 1804	SM-029:004	Hraukur	1872
NM-215:002	Hvolshjáleiga	ekki vitað	SM-029:005	Steinagerði	um 1850
NM-218:017	Hólalandsbjáleiga	1878-1893.	SM-029:010	Kinn*	18. og 19. öld
NM-221:005	Karlsbarð	á 6. tug 19. a			
NM-221:036	Geirishólar	ekki vitað	SM-029:017	Sigurðargerði	18. og 19. öld
NM-225:002	Hvalsvík	í eyði 1842			
NM-228:026		1850-60	SM-029:035	Ketilstaðagerði	í eyði 1752-3
NM-230:003	Gunnhildarsel	ekki vitað			
NM-230:004	Herjólfsvík	ekki vitað	SM-033:015	Einarstaðir*	1804
NM-230:005	Skálanes	ekki vitað	SM-037:009	Sólveigarkofi	ekki vitað
NM-230:006	Kolbeinsnes	ekki vitað	SM-037:029	Hátún*	ekki vitað
NM-230:007	Kollugerði	ekki vitað	SM-040:033	Pálshús	ekki vitað
NM-235:005	Alftavík innri	ekki vitað	SM-042:004	Hjáleiga	ekki vitað
NM-240:004		í eyði 1670	SM-046:014	Mjóanessel*	1860
NM-240:005	Klyppsst.hjáleiga*	í eyði um miðja 18. öld	SM-048:006	Hinriksbær	ekki vitað
			SM-048:012	Betlihem	ekki vitað
NM-240:006	Norðalssel	í eyði frá 1750	SM-048:023	Hafursársel*	á 19. öld
			SM-048:024	Blómsturvellir	á 19.öld.
NM-240:017	Gerði	ekki vitað	SM-050:008	Borgargerði	miðja 19. öld
NM-241:003	Ísleifsgærði	ekki vitað	SM-050:009	Borgargerði	miðja 19. öld
NM-241:004	Grímsstaðir		SM-050:011	Ormsstaðir	í eyði 1937
	ekki vitað		SM-050:023	Bjargssel	á 19.öld
NM-241:008	Hof	ekki vitað	SM-050:041	Tittlingssel*	í eyði 1756
NM-241:009	Hofsgærði	ekki vitað	SM-052:050	Miðsandfell*	1760, 1804
NM-242:002	Bárðarst.hjáleiga*	ekki vitað	SM-055:004		ekki vitað
NM-682:002	Nesjahjáleiga	ekki vitað	SM-055:011	Sturlasel*	f. h. 16.
NM-692:003	Kolsstaðir	ekki vitað			aldar
SM-001:020	Uxagerði*	í eyði fyrir 1900	SM-055:012	Þórutótt	ekki vitað
			SM-056:007	Sturlagil*	f. h. 16.
SM-001:021	Sólheimar	ekki vitað			aldar
SM-001:082		ekki vitað	SM-060:015	Bjarnastaðir	ekki vitað
SM-003:013	Grafarhjáleiga	ekki vitað	SM-060:016		ekki vitað
SM-004:019	Flatagerði	ekki vitað	SM-060:023	Hraungerði	ekki vitað
SM-006:011	Elfnarsel	s. h. 19. aldar	SM-060:024	Vatnskógar	ekki vitað
			SM-060b:005		ekki vitað
SM-006:015	Óspaksstaðir	ekki vitað	SM-060c:002 *		ekki vitað
SM-006:031	Brennist.hjáleiga	ekki vitað	SM-061:010	Árnatættur	ekki vitað
SM-007:006	Hjartarst.hjáleiga	í eyði 1756.	SM-063:004	Dalhús	ekki vitað
SM-007:009	Ólasei/Ólafsgærði	1866-1868	SM-064:014	Geitdalshjallar	ekki vitað
SM-007:010	Núpsgerði býli	um 1856	SM-068:014	Geirólfseyri	ekki vitað
SM-008:013	Klappargerði	í eyði 1896	SM-068:015	Húsabæjarhlöð	ekki vitað
SM-010:005		1830-60	SM-069:012		ekki vitað
SM-010:012	Bakkasel*	ekki vitað	SM-069:016	Vaðshjáleiga	í eyði um 1855
SM-011:018	Nikulásargerði	um 1840			
SM-011:023	Bjargssel*	í eyði 1831			

Tafla 6. Kotbýli og eyðijarðir á skráningarsvæðinu. Í skránni eru allir þeir staðir á skráningarsvæðinu þar sem vísbendingar eru um heilsársbyggð. Ekkie ru talin með bæjarstæði lögbýla eða nýbýla á Jökuldalsheiði sem öll eru frá 19. öld. *merkir að staðurinn var einnig notaður sem beitarhús eða sel.

Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og gördum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldur

sjónum af byggingum og uppfyllingum. Í Töflu 6 er skrá yfir staði af þessu tagi en ekki er gerð tilraun til að greina á milli þeirra staða, sem sennilegt er að enn séu óskemmdir og hinna sem líklegt er að séu horfnir undir tún, vegi eða byggingar. Tiltækar heimildir eru ekki þess eðlis að hægt sé að átta sig á ástandi minjanna nema í örfáum tilvikum og verður því að bíða vettvangsathugana til að skera úr um þetta.

Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum en lítið er af fjósum og lambhúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Að meðaltali voru rúmlega 4 útihús á hverri jörð, sem er svipað og t.d. í Borgarfirði og Eyjafirði þar sem algengast var að 3-5 útihús væru á hverjum bæ. Þar eru þessar tölur að stærstum hluta byggðar á túnakortum frá byrjun 20. aldar en á skráningarsvæðinu byggjast tölurnar aðeins á örnefnalýsingum og öðrum ritheimildum. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þó ekki séu glöggar heimildir um þetta. Í Múlasýslum voru þó allvíða litlar hringlaga og toppmyndaðar hlöður á seinni hluta 19. aldar en slíkar byggingar þekkjast ekki í öðrum landshlutum. Ekki er vitað hvort Austfirðingar höfðu notað slíkar hlöður um aldir, þá einir íslendinga, eða hvort þetta húsform varð til á Austurlandi á 19. öld.

Tún, garðar og akrar

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekin áróður fyrir túngarðhleðslum og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum tún víða í Múlasýslum, alls eru skráðir 107 garðar á 266 jörðum. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir en líklegast verður að tekja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum en ekki virðist hafa verið mikið af slíkum gördum á skráningarsvæðinu en það skýrist sennilega betur á stigi aðalskráningar.

Á undanförnum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má gerfiáburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún eru sennilega hvergi til á skráningarsvæðinu nema í kringum gömul eyðibýli, á Jökuldalsheiði, í eyðivíkum Borgarfjarðarhrepps og í Loðmundarfirði.

Árið 1777 er getið um kálgarð á Hallormsstað en ekki var mikið um grænmetisrækt á skráningarsvæðinu, flestir kálgarðar þar munu vera frá því um aldamót. Vísbendingar um akuryrkju eru aðeins á tveimur stöðum, en þar benda örnefnið Akurgerði til slíkrar ræktunar.

Kvívar og stekkir

Fráfærur byrjuðu að leggjast af í Múlasýslum upp úr aldamótunum 1900 og þær allra síðustu lögðust af um 1930. Stekkir eru því víða enn sýnilegir og eru raunar sú tegund fornleifa sem mest er eftir af en vitað er um 351 stekki á skráningarsvæðinu og virðist stór hluti þeirra hafa varðveist. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda. Sumsstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

KvÍar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oft beinlÍnis í tÚnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvÍar, heldur aðeins ákveðin staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færíkviar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið “stöðull” er oft notað um kvÍar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. 137 kvÍar og stöðlar eru skráðir á skráningarsvæðinu en slÍkir staðir hafa eflaust verið á hverjum bæ og er líklegast að ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á um helmingi jarðanna sé að færíkviar voru miklu algengari í seinni tíð og að þær hafi ekki staðið á sama stað í meira en nokkur ár í einu.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. 41 slÍkir eru skráðir og lagflestir þeirra hafa varðveist. Líklegt er smalakofar og -skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þaðan sem víðsýnt er.

Beitarhús og sel

229 beitarhús eru skráð á 266 jörðum og að auki eru skráð 34 staðir þar sem vitað er að beitarhús voru reist á tóftum eldri býla og á 12 stöðum er vitað um gamlar selstöður en notaðar voru sem beitarhús. Beitarhús voru víða í Múlasýslum notuð langt fram á 20. öldina og enn standa steipt beitarhús á nokkrum stöðum. Yfirleitt eru beitarhúsin upp í hlíðum og ásum, nokkra fjarlægð frá bæ.

Alls eru skráð 96 sel á skráningarsvæðinu og að auki er vitað um 23 staði þar sem sel hafa verið byggð á tóftum gamalla býla. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en í Múlasýslum virðist seljabúskap hafa verið hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Vitað er um seljarústir á 43 stöðum á skráningarsvæðinu en líklega eru seltóftir mun víðar, en þær ásamt eyðibýlum eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem einna best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn

verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafraeði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap.

Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyaflla hveirrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskráum sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureitingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Slíkar engjar eru á nokkrum stöðum á skráningarsvæðinu. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða bera skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

Myllur

Talið er að vatnsmyllur hafi verið á Íslandi á miðöldum. Í lok 18. aldar voru gefnar út leiðbeiningar um vatnsmyllugerð og fólk hvatt til að mala eigið korn, enda skemmdist það síður ef það var flutt hingað út ómalað. Á Austurlandi voru víða gerðar myllur og virðast algengari þar en á mörgum öðrum svæðum á landinu. Alls eru skráðar 166 myllur á skráningarsvæðinu. Myllur eru eitt fyrsta merkið um innreið nýrra tíma í íslenskum sveitum og er af þeim sökum mikilsvert að reynt verði að varðveita nokkrar slíkrar fyrir komandi kynslóðir.

Minjar um samkomur og þinghald

Alls eru skráðir sjö þingstaðir á Héraði og í Borgarfirði. Má fyrst nefna Goðatóftir í Freysnesi sem eru friðlýstar fornleifar en þar eru bæði meintar þingbúðatóftir sem og meint hofatóft. Örnefnið Þingklettur er rétt við Egilsstaði og gæti dregið nafn af þingstað sem þar var og sama má segja um örnefnið Þinghól í túni Desjamýrar sem var þingstaður Borgfirðinga fram til ársins 1901. Miklar búðatóftir eru við Þinghöfða þar sem talið er að Krakalækjarþing það hafi verið sem nefnt er í fornritunum. Í landi Fossvalla er örnefnið Dómhóll sem gæti verið dregið af þingstað sem þar var og einnig eru óljósar sagnir af þingstað í landi Hallgilsstaða. Í Fljótsdæla sögu er Kiðafellsþing nefnt og eru óljósar sagnir um að sá staður hafi verið undir Suðurfelli í Suðurdal, en engar minjar hafa fundist þar en örnefni í grendinni gætu bent til þess að þingstaður hafi verið þar, m.a. er Þingmannaklif. Ekki er vitað um nein mannvirki eða örnefni tengd Trébrúarþingi sem háð var við brúna yfir Jökulsá.

Þrjár aftökustaðir eru skráðir. Það eru Gálgaklettur við Egilsstaði en þar á gálgatré að hafa sést fram á þessa öld, og einnig er Gálgaklettur í landi Hamborgar. Í þjóðsögum greinir einnig frá aftökustað innan við Arnheiðarstaði í Fljótsdal og átti peningatunna að vera geymd undir honum.

Hér má einnig geta um meinatra hofminjar, alls eru skráðar sex slíkar. Hof Hróars Tungugoða á að vera í landi Litla-Steinvaðs, en ekki er getið um tóftir þess. Í Goðanesi í Hofteigi á hof Þórs að hafa staðið í heiðni og eru þar miklar hústóftir sem eru friðlýstar. Í Blótkelduhorni í landi Möðrudals á Fjalli er getið um gamla hofatóft og einnig í landi Hofs í Fellahreppi en á hvorugum staðnum eru sýnilegar tóftir. Í Loðmundarfirði á hof að hafa staðið við Hofsá og munnmæli greina frá hofi í landi Freyshóla. Engin Hörg- örnefni eru á skráningarsvæðinu.

Kuml og kirkjugarðar

Alls eru skráð 27 kuml og einnig er nokkuð um sagnir af fornmannahaugum á skráningarsvæðinu og mannabein hafa komið upp á sjö stöðum. Sumir af fornmannahaugunum eru örugglega náttúrumyndanir - það er til dæmis nokkuð

ljóst með meinta hauga hátt upp á fjöllum - en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna varð. Ekki eru til heildstæðar upplýsingar um hvar útkirkjur og bænhús voru á miðöldum. Aðeins er vitað um eitt bænhús í Hróarstungu, á Rangá og fannst þar forn grafreitir. Heimildir greina frá þremur bænhúsum í Hlíðarhreppi, á Torfastöðum, Sleðbrjóti og Hrafnabjörgum. Á miðöldum var bænhús á Hvanná á Jökuldal og Hákonarstöðum sem og á Eiríksstöðum en þar var síðar alkirkja er Brúarkirkja var flutt þangað. Á Brú var bænhús fram á 19. öld er þar var síðar alkirkja. Heimildir greina frá tveimur bænhúsum í Borgarfirði, annað var á Snotrunesi og hitt í Stóru-Breiðuvík en aðeins er vitað hvar eitt bænhús í Loðmundarfirði í Nesi en í máldaga Klyppstaðakirkju frá 1367 segir að tvö bænhús séu í sókninni og hafði annað verið lagt niður fyrir 1397. Fjögur bænhús voru í Fljótsdalshreppi, á Víðivöllum fram, Skriðu, Brekku og Glúmsstöðum og einnig var hálfkirkjur á Bessastöðum og Víðivöllum ytri. Í Vallahreppi eru vitað um bænhús á fimm jörðum, í Mjóanesi, Tunguhaga, á Höfða, Kollsstöðum og Egilsstöðum. Einnig voru útkirkjur á þremur bæjum, á Ketilsstöðum, Eyjólsstöðum sem vígð var 1314 og á Hafursá. Vitað er um tvö bænhús í Skriðdalshreppi, á Stóra-Sandfelli og Vaði. Útkirkjur í Eiðasókn voru á Mýnesi og Eyvindará.

Samgönguminjar

Alls hafa verið skráðar 368 leiðir á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Margar þeirra eru leiðir milli bæja eða sveitarhluta en aðrar eru milli sveita innan héraðsins eða liggja til annara héraða. Víðast er greiðfært innan Héraðs, einkum á sumardegi, og liggja margar leiðir yfir heiðarnar milli Skriðdals, Fljótsdals og Jökuldals sem enn eru sumar notaðar af hestamönnum og mætti kynna aðrar til að efla útivist og ferðapjónustu. Leiðir milli Héraðs og annar sveita eru á hinn bóginn margar ógreiðfærar og liggja um há fjallaskörð. Slíkar leiðir hafa einnig útitargildi fyrir göngufólk.

Brú hefur verið á Jökulsá sunnan við Fossvelli um aldir og er það eina brúarstæði á Íslandi þar sem vitað er að trébrú hafi verið haldið við allt frá

miðöldum. Á Efra Jökuldal var kláfur á Jökulsá en utar var farið yfir hana á vöðum. Sama gildir um Lagarfljót, það er vætt utan til en frammar voru ferjustaðir á nokkrum bæjum.

4. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á þá eru líkur á að meirihluti fornleifa á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á þessi öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriðið sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftast en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verið að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir á þéttbýliskjörnum á Egilsstöðum, í Fellabæ og Borgarfirði ógna fornleifum. Skógrækt er sú tegund framkvæmda sem mest áhrif mun hafa á fornleifar á Fljótsdalshéraði í framtíðinni. Hún mun bæði breyta ásýnd landsins gríðarlega og hætta er á að hún eyðileggi þá minjastaði sem ekki voru skemmdir af landbúnaðarframkvæmdum og nýbygginum fyrr á öldinni. Aukin skógrækt er vaxandi áhuggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og er brýnt að fundnar verði leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja veggheðslur og afmynda rústir þannig að það erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs

skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneyða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Bygging sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðirnir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum á Héraði og í Borgarfirði, en sérstaklega er mikilvægt að slíkar athuganir fari fram áður en land er lagt undir skóg eða sumarbústaði. Það sama gildir um land sem þegar hefur verið úthlutað til þessara þarfa.

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningarsvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma í dagsljósið við vettvangsathugun eins og sjá má í aðalskráningarskýrslum fyrir Fellahrepp og Hjaltastaðarþinghá. Nokkrir staðir eru í hættu, t.d. má benda á að gamli kirkjugarðurinn í Húsavík er í hættu vegna ágangs sjávar. Ætla má að mun fleiri staðir séu í hættu en ekki fæst yfirlit um þá fyrr en fornleifar hafa verið skráðar á vettvangi.

Allmargir staðir njóta friðlýsingar á skráningarsvæðinu eins og sést af meðfylgjandi skrá:

- **Meint hoftóft í túni fyrir utan bæ á Hrafnabjörgum**
- **Tóft utan við Faxahamar í Hrafnkelsdal**
- **“Fornar haugsleifar” utan við bæinn á Aðalbóli**
- **“Útibúr Hrafnkels” í túni ofan við bæ á Aðalbóli**
- **“Forn bæjarveggur” að húsabaki á Aðalbóli**
- **Sámsstaðir í Glúmsstaðadal**
- **Tóftir utan við Faxamýri, innan við Faxagil**
- **Laugarhús gegnt Aðalbóli í Hrafnkelsdal**
- **Tobbhóll í Hrafnkelsdal**
- **Bæjarrúst við Hölkná á Jökuldal**

- **Allar mannvistarleifar í Hvannalindum**
- **“Fjárskaðasteinn” með áletrun utan við Eiríksstaði á Jökuldal**
- **Meint hofatóft og fleiri tóftir við Teigará utan við Hofteig**
- **“Fornbæjarrústir” norðan við Möðrudal á Fjalli**
- **Haugur á hólma í Stórhól mavatni í Skjöldólfsstaðalandi**
- **Tóft í hvammi sunnan við Bessastaðaá í landi Bessastaða**
- **“Bessahaugur” sunnan við tún á Bessastöðum**
- **Kirkjugarður með kirkjutóft á Skriðuklaustri**
- **Tóftir í Freysnesi í landi Ekkjufells í Fellum**
- **“Ormarshaugur” skammt frá Hlíðarseli í Fellum**
- **Aflöng tóft í túni á Dagverðargerði í Tungu**
- **Krakagerði inn frá Krakalæk í Tungu**
- **Bíðatóftir og girðingaleifar á “Krakalækjarþingstað” í Tungu**
- **Tóftir “Lambanessþingstaðar” í landi Hrójótar í Hjaltastaðarþinghá**
- **Eyðibýlið Bakki í Borgarfirði**
- **Tóft utan við bæinn á Hofströnd í Borgarfirði**
- **“Þiðrandarþúfa” í túni í Njarðvík**
- **“Austmannaskálatóftir” hjá Njarðvík**
- **“Þorragarður” í landi Njarðvíkur**
- **Nausta og verslunarbúðatóftir við Fjarðarós og í hólma fyrir Hafnarlandi í Borgarfirði**
- **Hringlaga gerði í landi Arnaldsstaða í Skriðdal**
- **Rústir á bæjarhól framan við íbúðarhús á Vaði í Skriðdal**
- **Meintar þingbúðatóftir í túni á Þingmúla í Skriðdal**
- **Tóftir í Atlavík í landi Hallormsstaða**
- **Tóftir Geitagerðis í landi Hallormsstaða**
- **Skálatóft neðan við veg í landi Mjóaness**
- **Túngarður og fleiri garðlög í landi Mjóaness**
- **Forn bæjarhóll á Eyvindará í Eiðarþinghá**
- **“Helgahaugur” suðvestan við bæ á Eyvindará í Eiðarþinghá**
- **2 hringmyndaðar tóftir í túnjaðri á Eiðum í Eiðarþinghá**
- **Smíðjuhóll á Eiðum í Eiðarþinghá**
- **Bæjarrústir og túngarðsleifar við Selskletta sunnan við Hleinargarð**

Við þessa skrá má bæta tillögum um friðlýsingar sem gerðar hafa verið á grunni vettvangskönnunar í Hjaltastaðarþinghá og Fellahreppi:

Í Fellahreppi:

- **Bæjarhóll í Fjallsseli**
- **Fornmannaleiði í landi Egilssels.**
- **Krosssel og Staffelssgerði.**
- **Bjarnagerði í landi Hafrafells**
- **Stekkir í landi Hafrafells**
- **Grjótgarðar í Hafrafellslandi.**

- **Þorgerðarstaðir og Valgerðarstaðir í landi Urriðavatns**
- **Kálfsnesgerði.**
- **Bakkagerði í landi Kross.**
- **Svartranasel.**
- **Miðhúsasel**
- **Tvennar tóftapyrpingar og garðlög í landi Birnufells.**
- **Hlíðarsel í Ormarsstaðalandi**
- **Teigsáveita og önnur áveitumannvirki í landi Ormarsstaða og Rífsmýrar.**
- **Ássel.**
- **Hofssel**
- **Myllutóftir á Skeggjastöðum og Hrafnsgerði**

Í Hjaltastaðahreppi:

- **Bæjarhóll á Hreimstöðum**
- **Landmerkjagarður í landi Hreimsstaða**
- **Áveita í Víðidal.**
- **Goðrúnarstaðir í landi Rauðholts**
- **Stíflugarður í Selfljóti**
- **Beitarhús frá Jórvík við Merkivíkurklett**
- **Tóftir Litlu-Jórvíkur.**
- **Stekkur hjá Djúpabotni í landi Jórvíkur**
- **Sáðgarður í landi Hrollaugsstaða**
- **Fjárhús og hesthús við gamla túngarðinn á Hrollaugsstöðum**
- **Gamli stekkur í landi Víðastaða**
- **Valhnúksstaðir í landi Bóndastaða**
- **Tröð frá Bóndastöðum yfir blána**
- **Gamlistekkur í landi Dratthalastaða**
- **Nátthagi við Staðará í landi Svínafells**
- **Tóft og garður á Svínafelli.**
- **Tóftir Litla-Hrjótar**
- **Tóftir Stakahjalla í landi Kóreksstaða**
- **Dalasel í landi Dala**
- **Seltóftir í landi Hrafnabjarga**
- **Eiðaver í landi Unaóss**
- **Leifar af verslunarstað á Krosshöfða í landi Unaóss**
- **Tóftir í Arnarbæli í landi Klúku**
- **Tóftir Hrafnkelsstaða í landi Klúku**
- **Tóftir og garðlög Ingveldarstaða í landi Hóls**
- **“Bænhóll” kirkjustæði í landi Stóra-Steinsvaðs**
- **Tóftir Hrúgustaða í landi Hjaltastaðar**

Af þessum skráum má sjá að fjöldi staða er á Fljótsdalshéraði sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðapjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir.

Benda má á nokkur svæði þar sem líkur eru á að mikið sé eftir að sýnilegum rústum sem hægt væri að kynna íslenskum almenningi, skólabörnum jafnt sem erlendum ferðamönnum.

Víkur og Loðmundarfjörður. Öll ströndin frá Borgarfirði til Seyðisfjarðar fór endanlega í eyði um miðja þessa öld áður en vélvæðing hófst að marki í landbúnaði þar. Á þessu svæði er því mikið af óspilltum minjastöðum sem hafa bæði mikið kynningar- og rannsóknargildi. Þar er sjálfsagt að tengja saman útivist og kynningu á fornleifum og menningarsögu. Minjastaðir á þessu svæði eru nú óðum að hverfa í kafgróður sem þar er kominn og er brýnt að þar verði skráð á vettvangi áður en það verður mjög erfitt um vik.

Jökuldalur og Jökuldalsheiði. Þrátt fyrir töluverðan uppblástur og landbrot af vatnsföllum eru margir minjastaðir á Efra-Jökuldal sem henta til kynningar. Á það bæði við um hina fornu byggð á Hrafnkelsdal og Brúardölum sem þegar hefur verið rannsökuð að nokkru marki, og byggð þá sem hófst á 19. öld á Jökuldalsheiði. Búið er að endurbyggja bæ á Sænautaseli og mætti auðveldlega efla ferðapjónustu þar á heiðinni með því að merkja gönguleiðir og miðla upplýsingum um minjastaði. Þörf væri á minjaverndaráætlun á þessu svæði sem tæki á hættu af völdum uppblásturs.

Nágrenni Egilsstaða og Fellabæjar. Óvenjulega háttar til í næsta nágrenni við þéttbýliskjarnana á Egilsstöðum og í Fellabæ að þar er mikið af varðveittum minjastöðum. Það eru bæði leifar eyðibýla og selja og aðrar minjar um horfna búskaparhætti. Vettvangsathugun á fornleifum hefur þegar verið gerð í Fellahreppi og Egilstaðbæ og eru næstu skref á þessum svæðum að gera minjaverndaráætlun þar sem skilgreindir verða staðir sem þarf að vernda og ganga frá til kynningar.

Í ljós þess að hlutfallslega mikið virðist hafa varðveist af tóftum á Austurlandi miðað við aðra landshluta er brýnt að aðalskrá fornleifar þar sem fyrst og leggja

áherslu á að hagnýta þessa sérstöðu Fljótsdalshéraðs, til dæmis með því að kortleggja kotbyggð á svæðinu og gera gönguleiðir milli staðanna.

Það á við um öll svæði sem skipulögð eru til útivistar að sjálfsagt er að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðina á vettvangi, merkja þá svo fólk viti hvert að eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða anna hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

5. Heimildaskrá

- Biskupasögur* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878
- Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Register*, Lundi 1967.
- Bruun, Daniel: 'Ved Vatna Jökulls Nordrand.' *Geografik tidskrift* 16 (1902).
- Bruun, Daniel: "Við norðurbrún Vatnajökuls", *Múlaþing VII*, 1974, 159-195.
- Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1987.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.
- Halldór Stefánsson: *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli*, Akureyri 1943.
- Halldór Stefánsson: 'Landnám í Austfirðingafjórðungi.' *Austurland II*, Akureyri 1948.
- Halldór Stefánsson: 'Hrafnkelsdalur og byggð þar.' *Austurland II*, Akureyri 1948.
- Halldór Stefánsson: *Jökuldalsheiðin og byggðin þar*, Akureyri 1948.
- Halldór Stefánsson: 'Saga Austurlands 930-1800.' *Austurland V*, Akureyri 1958.
- Halldór Stefánsson: 'Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.' *Múlaþing* 5 (1970): 172-187.
- Íslandske Annaler indtil 1578*, Kristiania 1888.
- Íslensk bókmenntasaga II*, Reykjavík 1993.
- Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933.
- Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.
- J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Jón Jónsson: 'Um "Goðatættur" í Freysnesi í Múlaþingi.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1896*: 24-28.
- Jón Jónsson: 'Kjallaragröfin á Skriðu í Fljótsdal í Múlaþingi.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*: 22-24.
- Kristján Jónsson: 'Um Lambaness-þing o.fl.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1924, 34-41.

- Kálund, Kristian: *Íslenskir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur IV*, Reykjavík 1986.
- Mjöll Snæsdóttir; Orri Vésteinsson, Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Fellahreppi*, Reykjavík 1997.
- Sigurður Gunnarsson: 'Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará. Ritað í Marts 1872.' *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* III (1886), 429-497.
- Sigurður Vigfússon: 'Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893*, 28-60.
- Stefán Aðalsteinsson: 'Leitað að kumli fornaldarkonu á Efra-Jökuldal.' *Múlaþing* 8 (1976)
- Stefán Aðalsteinsson: 'Leitað bæjarrústa við Hitahnúk á Jökuldal.' *Múlaþing* 10 (1980):
- Sturlunga saga*, I-II, Reykjavík 1946.
- Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum. Brot úr byggðasögu Íslands*, Reykjavík 1990.